

ÁRSSKÝRSLA

2011



Um ársskýrslur Stígamóta

Í þessari ársskýrslu segir frá 22. starfsári Stígamóta. Gerð er grein fyrir sjálfshjálparstarfinu, hugmyndafræðinni að baki starfinu og pólitískri samfélagsvinnu. Síðast en ekki síst eru teknar saman tölulegar upplýsingar ársins. Grunninn að skipulagðri gagnasöfnun lagði dr. Guðrún Jónsdóttir stofnandi Stígamóta. Þau tölulegu gögn sem safnað hefur verið, hafa reynst mikilvæg hjálpartæki við að greina umfang, eðli og afleiðingar kynbundins ofbeldis. Um textahlutann sá Guðrún Jónsdóttir talskona Stígamóta, ásamt öðrum starfskonum. Um tölulega samantekt sá Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur. Í gögnin hefur verið vitnað í mörgum þingmálum, fjölda skólaritgerða á öllum skólastigum, í blaðagreinum og fjölmiðlaumfjöllun auk þess sem þau eru okkur starfskonum Stígamóta leiðarljós við forgangsröðun pólitískra verkefna.

Efnisyfirlit	bls.
Stofnun og hugmyndafræði	3
Innra starfið	4
Sjálfhjálparstarfið	7
Stofnun Kristínarhúss	9
Pólitískt samfélagsstarf	11
Alþjóðastarf	17
Tölulegar upplýsingar	23
Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður	29
Um ofbeldisverkin	32
Kærð mál	42
Fordómar og staðalímyndir	43
Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn	45
Aðstandendur	46

Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta



dr. Guðrún Jónsdóttir eldri, stofnandi Stígamóta

Hinn 8. mars árið 1989 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna. Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi var nokkurra ára starf ýmissa sjálfboðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvennaathvarfsins, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvinnaráðgjöfin og Vinnuhópur gegn sífjaspellum. Hóparnir kynntu starfsemi sína á fjölmönnum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum 8. mars 1989. Á fundinum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfboðaliðahópanna, sem minnst var á að ofan, var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu fyrir þolendur kynferðisofbeldis heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem höfðu verið beitt kynferðisofbeldi og byggja starfið á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfboðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast, hóf síðan starfsemi sína 8. mars 1990.

Á enga er hallað þó tekið sé fram að dr. Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi hin eldri sé heilinn á bak við Stígamót. Hún hafði þekkinguna, eldmóðinn, hugmyndirnar og kraftinn til þess að hrífa með sér alla kvennahreyfinguna og skapa það einstaka úrræði sem Stígamót hafa orðið.

Nokkrar kenningar eru til um orsakir kynferðisofbeldis. Þær má flokka í þrjá aðalflokka. Fyrst er að nefna sálfræðilegar kenningar þar sem gert er ráð fyrir að skýringa sé að leita hjá einstaklingnum, bæði þeim sem beittur er ofbeldinu og þeim sem fremur það. Í öðru lagi eru fjölskyldukerfiskenningar. Í þeim kenningum er skýringa leitað í samskiptum fjölskyldunnar, allir fjölskyldumeðlimir eru ábyrgir fyrir ofbeldinu. Loks er að geta kynjafræðilegra kenninga um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun milli karla annars vegar og kvenna og barna hins vegar.

Frá upphafi vega hefur starfið á Stígamótum byggst á hugmyndum kynjafræðinnar um kynferðisofbeldi. Þær kenningar falla best að reynslu þeirra sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru, samkvæmt okkar tölum, fyrst og fremst karlar sem beita konur og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kynjasamskipta. Hvaða kona eða barn sem er, á hættu á að vera beitt kynferðisofbeldi.

Við litum því svo á að þeir sem beita ofbeldinu noti það sem stjórnþæki til þess að ná valdi yfir fórnarlambi sínu. Sú kynferðislega fullnægja sem ofbeldismenn kunna að njóta er nokkurs konar hliðarbúgrein, markmiðið er ávallt að litillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem beitt er ofbeldinu. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki aðeins tengdar þeim sem því eru beitt. Vitundin um þetta form ofbeldis hefur áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

Innra starfið

Hugmyndafræðin að baki sjálfshjálparstarfinu

Kynjafræðilegar kenningar um kynferðisofbeldi skýra ekki aðeins orsakir þessa ofbeldis, þær marka einnig viðhorf og grunngildi í starfi með þeim sem því hafa verið beitt hvort heldur er í einstaklingsstarfi eða hópum. Feminísk viðhorf fela í sér þau megin gildi að líta ekki á þá sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi sem varnarlaus fórnarlömb eða sjúka einstaklinga heldur einstaklinga sem hafa lifað af ógnandi ofbeldi og búa þess vegna yfir miklum styrk. Jafnframt lítum við svo á að viðbrögð einstaklinga við kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á líf þeirra séu eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum. Vinnan á Stígamótum felst því í að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk, aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi en ekki sem persónulega vankanta. Jafnframt lítum við svo á að það fólk sem hingað leitar séu „sérfræðingarnir“. Það er að segja; enginn þekkir betur afleiðingar kynferðisofbeldis en sá sem því hefur verið beittur. Við leitumst því við að skapa jafnræðistengsl og nánd milli starfskvenna og þeirra sem leita aðstoðar. Leitast er við að endurspegla þessar hugmyndir í öllu starfi Stígamóta, hvort heldur um er að ræða einstaklingsmiðaða ráðgjöf eða hópastarf.

Skipulag, starfshópur, leiðbeinendur og sjálfbóðaliðar

Stígamót eru óformleg grasrótarsamtök kvenna og allir starfshættir markast af því. Áhersla er lögð á að starfsemi Stígamóta byggist á reynslu þeirra sem þangað leita, jafnframt er sóst eftir að starfskonur hafi sem besta menntun til þess að sinna starfi sínu. Ábyrgð í daglegu starfi deila starfskonur jafnt. Þó hefur verkaskipting á meðal starfskvenna aukist á síðustu árum.

Starfskonur á árinu voru Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur, Anna Bentína Hermansen kynjafræðingur sem hóf störf í október, Björg G. Gísladóttir íslenskufraðingur, Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi og talskona Stígamóta, Halldóra Halldórsdóttir myndmeðferðar-



Hluti starfshópsins á árinu; Anna Þóra, Þórunn, Dóra, Steinunn, Guðrún, Margrét, Björg og Karen. Á myndina vantar Önnu Bentínu sem kom til starfa í lok ársins.

fræðingur, Karen Linda Eiríksdóttir para- og fjölskylduráðgjafi, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir mannfræðingur og verkefnisstýra Kristínarhúss sem hóf störf í maí og Þórunn Þórarinsdóttir kennari. Karen hætti í lok september og flutti til útlanda og er henni þakkað fyrir frábært starf. Margrét Rögnvaldsdóttir var ráðin í þriggja mánaða verkefnisvinnu við fjáröflun.

Hópurinn nýtur handleiðslu Sæunnar Kjartansdóttur sálgreinis. Auk handleiðslu hennar eiga starfskonur kost á einkahandleiðslu hjá ráðgjafa að eigin vali. En fleiri komu að starfi Stígamóta en fastráðnar starfskonur. Um bókhalð ársins sá Guðrún I. Bjarnadóttir. Þar að auki lögðu leiðbeinendur og sjálfbóðaliðar fram gífurlega mikilvægt vinnuframlag.

Starfshópurinn fór austur á Sólheima í Grímsnesi í tvo daga í lok janúar til þess að fara yfir starfið og leggja á ráðin um áherslur ársins. Aðrir tveir vinnudagar fóru í skipulagningu á starfi Kristínarhúss. Til þess að efla starfsandann var haldin árshátíð á haustdögum.

Framkvæmdahópur

Framkvæmdahópur Stígamóta tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum og hefur yfirsýn yfir og stjórn á fjármálum Stígamóta. Í hópnum sitja fulltrúar mismunandi þátta í starfi Stígamóta. Þannig eiga starfskonur og leiðbeinendur í sjálfshjálparhópum sitt hvora tvo fulltrúana og Kvennaráðgjöfin og sjálfboðaliðar í Kristínarhúsi eiga hvor sinn fulltrúa. Í framkvæmdahópi sátu á árinu þær Aslaug Hauksdóttir, Björg Guðrún Gísladóttir, Guðrún Jónsdóttir, Margrét Steinarsdóttir, Steingerður Kristjánsdóttir, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir og Theodóra Þórarinsdóttir. Steinunn bættist í hópinn í júní til þess að Kristínarhús hið nýja búsetuúrræði Stígamóta ætti sinn fulltrúa þar sem mikilvægar ákvarðanir eru teknar og upplýsingastreymi á sér stað.

Fjárhagslegur grundvöllur

Tekjur Stígamóta komu frá ríki, Reykjavíkurborg og nokkrum bæjar- og sveitarfélögum. Stígamót og Velferðarsvið Reykjavíkur hafa gert með sér þjónustusamning. Auk þess var ráðist í öfluga fjáröflun, þar sem götukynnar buðu almenningi að styrkja Stígamót með mánaðarlegum framlögum. Að auki komu til styrkir frá einstaklingum, fyrirtækjum og öðrum. Umfangsmikið starf sjálfboðaliða verður ekki metið til fjár. Ársreikningar liggja fyrir þann 8. mars ár hvert.

Ótrúlegur velvilji og stuðningur úr ýmsum áttum!



Á eins árs afmæli Skottanna, regnhlífarsamtaka íslensku kvennahreyfingarinnar, var Stígamótum afhent ávísun upp á tíu milljónir króna. Um var að ræða afraksturinn af sölu kynjaglerauna í tengslum við Kvennafrídaginn árið 2010. Styrkurinn var ætlaður til þess að koma á laggirnar búsetuúrræði Stígamóta og til þess að endurvekja verkefnið *Stígamót á staðinn*. Kvennasamstaða af fallegustu gerð!

Kvenfjelags Kaffibarsins efndi til áheitaþlaups á milli kirkna í Reykjavík til stuðnings Stígamótum og afraksturinn var kr. 70.000 sem fór beint í velferðarsjóð Kristínarhúss. Kvenfjlagið var upptekið af umræðunni um kirkjuna og kynferðisofbeldi og þannig varð til hugmyndin um að hlaupa á milli kirkna.

Ólafía, félag framhaldsnema í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, sýndu kvikmynd til styrktar starfseminni og afhentu Stígamótum að sýningu lokinni kr. 100.000. Besta útihátíðin og hljómsveitin Quarashi vildu í sameiningu tjá óbeit sína á kynferðisbrotum og sendu Stígamótum kr. 500.000. Femínistafélag Íslands gaf kr. 50.000 og Ljósmaðrafélagið kr. 40.000.

Einstaklingar létu ekki sitt eftir liggja. Á Stígamótum þótti konum sérlega vænt um kr. 500.000 styrk frá dr. Guðrúnu Jónsdóttur stofnanda Stígamóta. Henni hafði verið veittur heiðursstyrkur frá Félagsráðgjafafélaginu og vildi að Stígamót nytu góðs af fjármagninu.

Sigrún Pálína Ingvarsdóttir sýndi mikinn rausnarskap þegar hún tók á móti miskabótum þjóðkirkjunnar vegna biskups málsins. Hún sendi Stígamótum kr. 1.000.000, ásamt deknuddi fyrir allar starfskonur og prufuáskrift að líkamsrækt. Öruggt að það gerir starfsemina betri!

Herdís Tryggvadóttir sem um árabíl hefur látið sig starfsemina varða hét kr. 100.000 á Stígamót. Einstaklingur sem ekki vill láta nafns síns getið gaf kr. 50.000 sem nýta ætti fyrir einstakling í neyð. Það var létt verk að nýta þá peninga.

Hjá Actavis var ákveðið að senda Stígamótum kr. 500.000 styrk. 365 miðlar sendu ágóða af skemmtun rúmlega hálfa milljón og Reykjavíkumaraþon kr. 125.000.

Equality Now! sendi tíu þúsund dollara til þess að styrkja grasrótarstarf gegn mansali og vændi. Sá peningur fór beint í uppbyggingu Kristínarhúss.


Borgarráð styrkti Kristínarhús um 2 milljónir og forsætisráðherra styrkti starfið með kr. 400.000.

Starfsmannafélag gaf Kristínarhúsi glæný rúm og dýnur þar sem vantaði og eiga bestu þakkir skildar fyrir það. SFR – Stéttarfélag í almannajónustu gaf glæsilega þvottavél og þurrkara sem koma að góðum notum í Kristínarhúsi.

Stingum ekki höfðinu í sandinn

Þess ber að geta að um tíu einstaklingar hafa um árabil styrkt Stígámót í hverjum mánuði án þess að nafna þeirra sé nokkurs staðar getið. Um misháar fjárhæðir er að ræða, en safnast þegar saman kemur. Það er aðdúnarvert hvað fólk gefur af miklum rausnarskap – bara til þess að leggja lið.

Þetta framtak varð til þess að ákveðið var að ráðast í að bjóða fleirum að taka þátt í fjármögnun. Farið var í mikla kynningu á starfseminni og Margrét Rögnvaldsdóttir ráðin til verksins. Tæplega 500 manns þáðu tilboðið um að leggja til mánaðarleg framlög til þess að styrkja og efla starf Stígámóta. Þessu starfi verður haldið áfram og enn er hægt að styrkja Stígámót með því að fara inn á vefsíðuna www.stigamot.is



Kristínarsjóður - Velferðarsjóður

Stígámót stofnuðu Kristínarsjóð árið 2001 til minningar um látna Stígámótakonu. Sjóðnum er ætlað að fjármagna baráttu Stígámóta gegn vændi. Kristínarsjóður hefur gert það mögulegt að sinna verkefnum sem ella hefðu verið óhugsandi. Sjóðurinn er í raun tæmdur vegna kostnaðar við stofnun Kristínarhúss. Smáar upphæðir sem einstaklingar hafa gefið Stígámótum hafa hins vegar verið settar í velferðarsjóð fyrir íbúa hússins. Hugsunin er að gera þeim lífið ánægjulegra og innihaldsríkara.

Ársskýrsla kynnt og opið hús í tilefni af 21 árs afmæli Stígámóta

Að þessu sinni var ársskýrslan kynnt fyrir 8. mars og fjölmiðlar gerðu henni góð skil. Þann 8. mars á 21 árs afmælinu var opið hús að venju. Þá eins og svo oft fyrr og síðar fylltust stofurnar af áhugasömum konum og körlum, tilbúnum að leggja sitt af mörkum til þess að gera Ísland að alvöru jafnréttisparadis.



Frá einum af mörgum fundum í kvennahreyfingunni á Stígámótum

Sjálfshjálparstarfið

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf



Lagt á ráðin, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir hefur orðið

að ræða ofbeldið, rifja það upp og setja á það orð eru fyrstu skrefin í þá átt að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins sem og bæta sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þeirra sem því eru beittir. Það fólk sem leitar til Stígamóta ræður sjálft ferðinni, hve mikinn stuðning það vill og í hve langan tíma. Margir velja að taka þátt í starfi sjálfshjálparhópa eftir einstaklingsviðtöl, en aðrir velja eingöngu einstaklingsbundna ráðgjöf. Leitast hefur verið við að koma til móts við það fólk sem ekki á þess kost að sækja þjónustuna. Þannig fóru starfskonur í Kvennafangelsið, heim til fatlaðra og í heimsókn á geðdeildir.

Stuðningur starfskvenna Stígamóta miðast ekki eingöngu við það fólk sem beitt hefur verið ofbeldi. Aðstandendur, svo sem foreldrar, makar og vinir, geta einnig fengið stuðning og ráðgjöf á Stígamótum óski þeir þess. Starfskonur Stígamóta veita ekki eingöngu persónulega ráðgjöf í formi viðtala því umfangsmikið ráðgjafarstarf fer einnig fram í gegnum síma og tölvupóst.

Þegar fólk leitar fyrst til Stígamóta er því boðið upp á einkaviðtöl. Einstaklingsbundinn stuðningur við

Um sjálfshjálparhópana

Frá upphafi hafa sjálfshjálparhópar verið mikilvægir í starfsemi Stígamóta. Boðið er upp á hópa fyrir konur sem beittar hafa verið sífjaspellum og nauðgunum en einnig hafa nokkrir karlahópar verið starfræktir. Í þessum hópum koma brotáðilar saman til að sækja sér styrk til þess að takast á við vandamálin sem rekja má til afleiðinga sífjaspella og nauðgana. Með þátttöku í hópstarfi er einangrun rofin og þátttakendur veita hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir í samskiptum þátttakenda og rauði þráðurinn í starfinu er sjálfstyrking. Hóparnir hittast 15 sinnum, í þrjá tíma í senn og þátttakendur skuldbinda sig til skyldumætingar. Starfræktur var opinn hópur fyrir ungar stúlkur og sá Anna Þóra um þann hóp. Auk þess voru starfræktir hefðbundnir sjálfshjálparhópar á Stígamótum og Þórunn starfrækti einn hóp á Sauðárkróki.

Um Svanahópinn

Þær Björg G. Gísladóttir og Anna Þóra Kristinsdóttir starfskonur Stígamóta settu á laggirnar svokallaðan „Svanahóp“ hjá Stígamótum. Svanahópurinn er hópur fyrir konur sem hafa verið í vændi eða eru í vændi og vilja komast út úr því. Hópurinn var byggður upp að danskri fyrirmynd en samskonar hópur er starfandi í Danmörku. Við undirbúning íslenska hópans heimsóttu starfskonur Stígamóta danska Svanahópinn. Eftir þá heimsókn var íslenski hópurinn settur á laggirnar og byrjaði hann í febrúar 2011. Hópurinn kom saman í 17 skipti á 5 mánaða tímabili. Aðal markmiðið með hópnum var að efla sjálfstraust og vinna úr þeim afleiðingum sem vændi getur haft í för með sér. Aðeins hefur verið starfræktur einn hópur og gekk hann vel. Áætlunin er að fara á stað með annan hóp haustið 2012.



Dorit Otzen stofnandi dönsku Svanahópanna og handleiðari Stígamóta í vændismálum

Eins og áður sagði er starfandi samskonar hópur í Danmörku en einnig er hafinn undirbúningur svanahóps í Noregi og hefur samstarfi um þessa norrænu svanahópa verið komið á fót.

Stígamót fyrir fólk utan höfuðborgarinnar



Þórunn með Stígamótatíkina Tjöru

Verkefnið Stígamót á staðinn, sem hófst árið 2006 fölst í því að senda ráðgjafa Stígamóta fljúgandi, keyrandi og siglandi til fjarlæggra landshorna. Boðið var upp á reglubundna ráðgjöf og hurfu ráðgjafarnir svo í burtu með leyndarmálin. Alls staðar þar sem boðið var upp á slíka þjónustu komust færri að en vildu. Verkefnið lagðist af við efnahagshrunið 2008, en árið 2011 hófst endurreisnin. Þórunn Þórarinsdóttir starfskona Stígamóta til 14 ára tók starfið að sér. Til að kynna það fór hún með fríðu föruneyti á Sauðárkrók og boðið var upp á opna kynningarfundir um tilboðið, lokaðan fund með öllu því fagfólki sem fannst sér málið skylt og svo voru allir krakkarnir í Fjölbautarskóla Norðurlands vestra kallaðir á sal og þeim kynnt það sem var í boði. Svæðisfjölmíðlar kynntu líka þjónustuna. Þórunn fór síðan hálfsmánaðarlega norður á Sauðárkrók og hitti fyrir heimafólk og reyndist þörfin brýn. Jafnframt hóf hún rekstur sjálfshjálparhóps. Á árinu var jafnframt komið á laggirnar búsetuúrræði Stígamóta, Kristínarhúsi, þar sem fólki utan höfuðborgarsvæðisins býðst að búa á meðan það nýtir sér viðtalsþjónustu Stígamóta.

Börn og unglingar

Hjá Stígamótum fara ekki fram viðtöl eða annað starf með börnum nema mál þeirra hafi hlotið meðferð barnaverndaryfirvalda. Margir foreldrar, aðstandendur og fagfólk hringja þó og leita ráða um hvernig eigi að bregðast við hafi þau grun um að börn þeirra hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Þeim er þá ávallt veitt ráðgjöf en bent á að hafa samband við viðkomandi barnaverndarnefnd, hringja í 112, hafa samband við Barnahús eða lögreglu. Eftir að mál hafa verið tilkynnt til barnaverndar eru börn og unglingar boðin velkomin til Stígamóta.

Leiðbeinendanámskeið

Á hverju ári eru haldin námskeið fyrir leiðbeinendur. Að þessu sinni var leiðbeinendanámskeiðið haldið dagana 8. – 9. október á Stígamótum og sóttu um 15 konur námskeiðið. Farið var vel yfir hugmyndafræði Stígamóta og þá sjálfshjálparvinnu sem hóparnir byggjast á. Jafnframt eru haldnir mánaðarlegir fundir leiðbeinenda og þeim veitt handleiðsla.

Símapjónustan hefur verið kortlögð og þyrfti að verða miklu betri

Loksins eru til talningar á símaviðtölum Stígamóta eftir að Símafélagið gaf símtæki með innbyggðum það er einn veikasti þátturinn í þjónustu Stígamóta hversu erfitt getur verið að ná sambandi. Ástæðan er sú að starfskonur eru meira og minna lokaðar inni í viðtölum og komast ekki í síma og ekki hefur verið til fjármagn til þess að ráða sérstaklega inn starfskraft til símapjónustu.

Þjónusta við konur í vændi var stórbætt

Í kynningum og í pólitísku starfi Stígamóta hefur verið lögð á það áhersla undanfarin ár að hvers kyns kaup og sala á fólki í klámiðnaði er ein birtingarmynd kynbundins ofbeldis. Á Stígamótum hefur það verið sannreynt að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri niðurlægjandi og erfiðu ofbeldisreynslu sem vændi er. Stígamót auglýsa sérstaka símalínu fyrir fólki í kynlífsþjónustu til þess að undirstrika að hvers kyns verslun með konur er kynferðisofbeldi og að við bjóðum þennan hóp velkominn til okkar.

Metnaðarfullsta verkefni Stígamóta á árinu var stofnun búsetuúrræðis fyrir Stígamótafólk. Þar er m.a. aðstoða fyrir konur sem hafa verið seldar mansali eða verið í vændi auk þess sem þar er tekið á mótum konum utan höfuðborgarsvæðisins sem vilja nýta sér þjónustu Stígamóta.

Stofnun Kristínarhúss – búsetuúrræðis Stígamóta

e. Steinunni Gyðu- og Guðjónsdóttur verkefnisstýru í Kristínarhúsi



Á góðri stundu í Kristínarhúsi

Á árinu rættist gamall draumur Stígamóta! Búsetuúrræðið er fyrst og fremst hugsað fyrir konur sem hafa verið seldar mansali, stundað vændi eða beittar kynferðisofbeldi og vilja komast út úr þeim aðstæðum. Þá mun athvarfið nýtast öðrum sem sækja þjónustu til Stígamóta ef á þarf að halda t.d. konum utan af landi.

Í athvarfinu eru fimm svefnherbergi og fá allir gestir sitt eigið herbergi. Við viljum tryggja þeim bestu mögulegu aðstæður sem og öryggi. Heimilisfang athvarfsins er leynilegt. Boðið er upp á langtímadvöl, svo sem 3 mánuði, 6 mánuði eða jafnvel lengur ef þarf. Athvarfið hefur í raun tvöfalt hlutverk– þ.e. að vera neyðarathvarf, fyrsta stopp kvenna sem eru að flýja kynferðisofbeldi og vændi sem og að vera staður þar sem konur fá tíma til að byggja upp líf sitt að nýju.

Hópurinn sem sækir Kristínarhús er mjög fjölbreyttur og er því þjónustan við hverja konu einstaklingsmiðuð. Allir gestir fá viðtöl hjá ráðgjöfum Stígamóta vikulega auk þess sem boðið er upp á aðgang að öðrum sérfræðingum eins og á þarf að halda s.s. lækni, hjúkrunarfræðingi, lögfræðingi, félagsráðgjafa og svo framvegis. Þá munum við aðstoða við að nýta önnur úrræði sem í boði eru s.s. fullorðinsfræðslu, vímeðferðir, íslenskukennslu, náms- og starfsráðgjöf. Frá því Kristínarhús opnaði í september 2011 og fram í desember dvöldu þar fimm konur og gistinætur voru 127.

Samstaðan gríðarleg

Stígamót hafa fundið fyrir miklum meðbyr við að setja þetta verkefni á laggirnar. Nægir að nefna að 120 konur skráðu sig sem sjálfböðaliða og sátu þær fimm kvölda námskeið til að fræðast um vændi og mansal áður en þær tóku að sér störf í athvarfinu (sjá dagskrá námskeiðsins hér að neðan). Hópurinn er fjölbreyttur og innan hópsins er dýrmæt fagþekking og reynsla. Má nefna að fjöldi lögfræðinga er í hópnum, félagsráðgjafar, hjúkrunarfræðingar, kennarar, konur sem verið hafa í vændi, konur á eftirlaunum o.s.frv. Ómögulegt hefði verið að opna Kristínarhús án framlags sjálfböðaliðanna en þeir sinna kvöld- og helgarvöktum í athvarfinu. Vaskir sjálfböðaliðar tóku einnig að sér að mála húsið. Eftir námskeiðið voru haldnir mánaðarlegir fundir með sjálfböðaliðum til þess að tryggja upplýsingaflæði og fara yfir það sem var efst á baugi hverju sinni. Fulltrúi sjálfböðaliða var kosin í framkvæmdahóp Stígamóta og var það Áslaug Hauksdóttir ljósmóðir og varakona hennar er Margrét Pétursdóttir.

Stígamót sendu ákall um húsgögn í athvarfið inn á Facebook og nú er búið að innrétta 200 fermetra hús eingöngu með húsgögnum sem fengist hafa gefins. Stígamótakonur hafa aðgang að fagstéttum með hvers kyns reynslu og þekkingu sem mun nýtast konunum sem dvelja í Kristínarhúsi vel. Þá nýtur Kristínarhús stuðnings kvennahreyfingarinnar, ríkisstjórnarinnar, Reykjavíkurborgar og almennings sem saman hafa lagt um 16 milljónir í verkefnið með ýmsum hætti. Það má segja að Stígamót séu að takast á við hið ómögulega, en með hjálp og samstöðu hefur það tekist!

Þörfin reyndist brýn

Síðustu ár hafa í kringum 30 konur og nokkrir karlar leitað árlega til Stígamóta vegna kláms og vændis. Þá hafa stjórnvöld fengist við á tug mála þar sem grunur lék á mansali þó aðeins hafi fallið dómur í einu mansalsmáli hér á landi. Enginn veit hversu margar konur og margir karlar eru í vændi á Íslandi. Reynsla Stígamóta sýnir að skömmin sem fylgir vændi og afleiðingarnar eru þær sömu og hjá þeim sem upplifa kynferðisofbeldi – bara ýktari.

Þegar Stígamót opnuðu fyrir rúmlega 20 árum var einblínt á nauðganir og sífjaspell en eftir vinnu með fólki í nokkur ár skapaðist traust og konur aðallega fóru að trúa ráðgjöfum sínum fyrir því að þær hefðu stundað vændi. Þegar augu Stígamótakvenna opnuðust þá var engin leið til baka og þær lærðu hversu alvarlegar afleiðingar það hefur að vera í vændi. Stígamót urðu að hafa einhver úrræði og fyrir tíu árum var opnaður sími fyrir fólk í kynlífsþjónustu. Til Stígamóta hafa komið konur sem engin úrræði fundust fyrir hér á landi og hefur þeim verið hjálpað til útlanda. Það er því ákaflega rökrétt að Stígamót taki þetta næsta skref, vegna þess að tengslin milli ofbeldis og vændis eru svo sterk. Konur sem eru að koma úr vændi þurfa langan tíma. Leiðin er löng og ströng – og margar falla oft. Þess vegna opnuðu Stígamót Kristínarhús.

Verslun með konur

Þegar talað er um vændi á Stígamótum þá er verið að vísa í hvers kyns verslun með konur. Birtingamyndirnar eru fjölmargar en eiga það sameiginlegt að afleiðingarnar fyrir konurnar eru miklar og skemmandi. Vændi getur verið að veita kynlíf eða aðgang að líkama sínum í skiptum fyrir peninga, fíkniefni, greiða, húsaskjól eða annars konar borgun. Oft tekur þriðji aðili þátt sem gerir konur út og hagnast á því en ekki alltaf. Verslun með konur getur til dæmis líka verið klám, stripp, símaþjónusta, erótískt nudd eða sýningar í gegnum netið.

Flestar konur í þessum sporum upplifa mikinn feluleik og þurfa að lifa tvöföldu lífi. Skömmin er gríðarleg og fyrirlitningin sem þær upplifa er meiðandi. Alagið sem fylgir því að bera þetta þunga leyndarmál er mikið. Langflestar konur í vændi, líka þær sem tóku sjálfar ákvörðun um að byrja að selja sig, finna fljótt fyrir valdamismuninum milli sín og kunnanna, þar sem þeir borga fyrir aðgang að þeim og þær fara í þóknunarhlutverk. Um leið og skrefið er tekið inn í heim vændis fer sá eða sú sem selur sig að takast á við miklar afleiðingar og sjálfsmyndin brotnar oftast fljótt. Margar upplifa ofbeldi og að farið er ítrekað yfir mörkin þeirra í skjóli valds og peninga. Þöggunin um reynsluheim þessara kvenna og fordómar samfélagsins og þeirra sjálfra gagnvart sjálfum sér gerir reynsluna þungbærari. Á Íslandi hafa verið sett lög sem banna kaup á vændi. Þessi lög endurspeglar þann skilning Íslendinga að vændi sé ofbeldi gegn konum. Þar með er sekt kvennanna sem selja sig engin en þeir sem kaupa vændi

eru að brjóta lög. Þetta er skref í áttina að því að minnka fordóma gagnvart konum og körlum í þessari stöðu og gera þeim það auðveldara að leita sér hjálpar.

Dagskrá sjálfböðaliðanámskeiðsins:

Miðvikudagur 24. Ágúst kl. 17:30-19:30

Vændi í víðu samhengi – Guðrún Jónsdóttir

Tengsl vændis og kynferðisofbeldis annars vegar og tengslin á milli kláms, vændis og mansals hins vegar. Hvernig óhjákvæmilegt var að Stígamót bættu þessum birtingarformum ofbeldis á verkefnalistann. Hvernig virkar ferli mansalsmála á Íslandi? Lög um klám og vændi.

Fimmtudagur 1. September kl. 20-22

Reynslan frá Danmörku af svipaðri þjónustu – Dorit Otzen

Dorit Otzen segir frá áratuga starfi sínu með konum í vændi og ýmsum úrræðum sem hún hefur staðið fyrir þar í landi. Má nefna Hreiðrið athvarf fyrir konur í götuvændi, afeitrunarstöð, meðferðarstöð, athvarf fyrir konur á leið úr vændi, úrræðið „Stöðvum mansal“ sem Dorit leiddi á vegum stjórnvalda, EXIT nýtt athvarf fyrir konur á leið úr vændi og fleira. Dorit er handleiðari starfshóps Stígamóta í vændismálum og hafa fjórar úr hópnum verið hjá henni í starfsþjálfun.

Þriðjudagur 6. September kl. 20-22

Vændi: Hverjar eru birtingamyndir þess og hvaða afleiðingar getur það haft í för með sér?

– Anna Þóra Kristinsdóttir og Björg G. Gísladóttir

Anna Þóra og Björg hafa reynslu af því að starfa með sjálfshjálparhópi kvenna sem hafa verið í vændi og farið í starfsþjálfun til Danmerkur. Þær munu deila reynslu sinni og fara yfir hinar margvíslegu félagslegu, sálrænu og líkamlegu afleiðingar vændis.

Þriðjudagur 12. September kl. 17:30-19:30

Kaupendur vændis og vændismarkaðurinn á Íslandi - Karen Linda Eiríksdóttir

Karen Linda segir frá athugunum Stígamóta á líflegum vændismarkaði á Íslandi og fleiru.

Sjálfböðaliðar: Praktísk mál og starfsumhverfi. Vaktir og væntingar. - Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir

Umræða og upplýsingar um hvernig vöktum og daglegu lífi í athvarfinu verður háttað.

Öryggismál í athvarfinu – Sveinn Snorri Sighvatsson frá Öryggismiðstöðinni

Þriðjudagur 18. september kl. 17:30-19:30

Starfið í athvarfinu – Guðrún Jónsdóttir

Samstarfið og samskipti við íbúa athvarfsins, öryggi, reglur, mörk og virðing. „Skilin á milli hinna verðugu og óverðugu“. Jafnframt verða settar upp erfiðar aðstæður og farið yfir hvernig megi takast á við þær.

Þriðjudagur 4. október kl. 17:30-19:30

Aukafyrirlestur þar sem stiklað er á stóru í efni námskeiðsins – Guðrún Jónsdóttir og Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir

Sérstaklega ætlaður þeim sem misstu af einhverjum af hinum fyrirlestrum námskeiðsins.

Pólitískt samfélagsstarf

Fræðsla og fyrirlestrar

Alla tíð hefur fræðsla og fyrirlestrar verið mikilvægur þáttur í starfseminni og þannig var það líka á árið 2011. Mikill fjöldi nema á efri skólastigum óskaði eftir fræðslu í tengslum við rannsóknir, verkefni og fleira. Má nefna nema í sálfræði, lögfræði, hjúkrunarfræði, starfs- og námsráðgjöf, ljósmóðurfræði og fangavarðarnámi. Nokkrir framhaldsskólakennarar koma árlega með nemendur sína í heimsókn, má nefna námskeið í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og framhaldsskóla Suðurnesja. Nemendahópar komu

úr lögfræðideild Háskólans í Reykjavík og talskona Stígamóta hélt fyrirlesta í nokkrum námskeiðum í félagsráðgjöf í HÍ. Rannsóknarstofa í Kvenna og kynjafræðum mætti í sína árlegu ferð.



Það dásamlega við íslenska kvennabaráttu er hvað hún er skemmtileg...

Jafningafræðslan kom í árlega heimsókn með sitt fólk og Nei- hreyfingin óskaði eftir fræðslu. Kvennasmiðjan hefur komið árlega með sínar konur og fleira mætti nefna. Sigurður Örn Hilmarsson lögfræðingur sem m.a. hefur starfað sem réttargæslumaður í nauðgunarmálum, heimsótti starfshópinn í og fram fóru mikilvægar umræður um meðferð kynferðisbrotamála.

Fulltrúar Stígamóta tóku þátt í fjölda funda og ráðstefna þar sem flutt voru erindi um ýmsa þætti starfsins. Anna Þóra Kristinsdóttir og Björg G. Gísladóttir héldu fjórum sinnum erindi um vændi, afleiðingar þess og um starf sitt með konum í vændi. Fyrirlestrarnir voru haldnir fyrir félagsráðgjafa í Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, fyrir leshóp um mansal, á landsfundi Zontakvenna þar sem þær kynntu líka fyrirhugað vændisathvarf og þær sáu um eitt af námskeiðskvöldunum fyrir sjálfboðaliða Kristínarhúss. Anna Þóra sá jafnframt um fræðslu hjá Gigtarfélaginu, í Flensborgarskóla og fyrir Starfsendurhæfingu í Hafnarfirði.

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir hélt þrumandi erindi í Druslugöngunni um nauðgunarmenningu sem vakti mikla athygli. Þar að auki hélt hún erindi hjá Feministafélagi Íslands og hjá Zontaklúbbi í Reykjavík.

Talskona Stígamóta hélt 42 fyrirlestra á árinu, marga þeirra í útlöndum, en einnig við ýmis tækifæri á Íslandinu góða. Má nefna endurmenntunarnámskeið á vegum Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd, þriggja tíma námskeið fyrir starfsfólk Velferðarsviðs Reykjavíkur, fyrirlestur fyrir Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar og kynningu á íslenskri kvennabaráttu fyrir International Alliance of Women.

Fleira má nefna eins og ritun formála í bók dr. Sigrúnar Júlíusdóttur um nauðganir og rýningu á ýmsum pappírnum og skýrslum eins og Handbók UN Women um stofnun kvennathvarfa víðs vegar um heiminn.

Þátttaka í nefndum og ráðum ásamt öðru samstarfi

Með árunum hefur samvinna við stjórnvöld og aðra aðila aukist mjög og er það af hinu góða. Má nefna að Stígamót eiga ásamt Kvennathvarfinu einn fulltrúa í Jafnréttisráði. Um mitt árið tók fulltrúi Kvennathvarfs við keflinu, en Stígamót eiga varakonu í ráðinu. Stígamót hafa beitt sér fyrir því að

Jafnréttisráð verði lagt niður í núverandi mynd, en að í stað þess verði skapaður nýr vettvangur sem eigi möguleika á árangursríkara og metnaðarfullra starfi.

Í Sérfræðinga- og samhæfingarteymi um mansal sem skipað er af innanríkisráðuneytinu eiga sæti fulltrúar þeirra stofnana og samtaka sem koma beint að mansalsmálum. Talskona Stígamóta sat fundi teymisins fyrri hluta ársins, en þá tók við nýráðin verkefnisstýra Kristínarhúss, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir. Stígamót hafa miklar skoðanir á störfum teymisins og myndu gjarnan vilja gera starf þess skilvirkara.

Í mörg ár hefur Stígamótum verið boðið að eiga fulltrúa í íslensku sendinefndinni á kvennanefndarfundum Sameinuðu þjóðanna í New York. Til að byrja með var kostnaður greiddur af utanríkisráðuneytinu en það breyttist eftir bankahrunið. Myndast hefur traust og góða samvinnu við starfsfólk utanríkis- og velferðarráðuneyta. Sendinefndin hefur tvisvar staðið fyrir hliðarviðburðum sem vakið hafa athygli.

Samstarfsfundir voru margir, bæði á Stígamótum, í ráðuneytum og hjá öðrum stofnunum og samtökum. Halla Gunnarsdóttir aðstoðarkona Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra boðaði til samráðsfundar um meðferð nauðgunarmála með fulltrúum allra þeirra stofnana og samtaka sem að málaflokknum koma. Fyrir hönd Stígamóta sótti Margrét Steinarsdóttir þessa fundi.

Einnig má nefna ánægjulegt samstarf við Stefán Inga Stefánsson hjá UNICEF, heimsókn 12 geðlækna landspítalans sem óskuðu eftir að fá að kynna sér þjónustuna, heimsókn fulltrúa Hagstofunnar vegna skýrslu um vændi á Íslandi, Halldór Gunnarsson hagsmunagæslumann fatlaðra á Íslandi sem lætur sig varða viðbrögð við ofbeldi gegn fötluðum og starfsfólk bandaríska sendiráðsins. Talskona Stígamóta var boðuð á fund vinnuhóps í innanríkisráðuneytinu um austurrísku leiðina, í utanríkisráðuneytið vegna kvennanefndarfunda og á fleiri staði. Stígamótastarfskonur skiptust á heimsóknum við Konukot, úrræði fyrir heimilislausar konur, jafnframt var samstarf við Grettistak, úrræði fyrir fólk á leið út í atvinnulífið á ný. Suðurnesjavaktin heimsótti Stígmót en það er sérstakur starfshópur sem hefur það hlutverk að bregðast við félagslegum aðstæðum á Suðurnesjum.

Miklar hræringar áttu sér stað innan kirkjunnar og í öðrum trúfélögum vegna kynferðisbrotamála. Þannig var oft óskað eftir viðræðum við Stígamót um meðferð slíkra mála, ekki var alltaf orðið við þeim beiðnum. Talskona Stígamóta var boðuð á fundi með nýstofnuðu fagráði innanríkisráðuneytisins um ofbeldi innan trúfélaga sem og á fund nefndar á vegum Þjóðkirkjunnar sem ætlað er að fylgja eftir tillögum rannsóknarnefndar um meðferð kynferðisbrota innan hennar.

Samstarf við fulltrúa ráðuneyta, borgarstofnana og við pólitíska fulltrúa bæði í borgarstjórn og á alþingi var gott og nauðsynlegt ef þoka á málum í rétta átt.

Eftirmiðdagskaffi hjá Stígamótum

Það er hefð fyrir því á Stígamótum að bjóða mikilvægum samstarfsaðilum í eftirmiðdagskaffi til skrafs og ráðagerða. Þann 17. ágúst var boðið í kaffi til þess að kynna nýja athvarfið sem síðan var opnað þann 2. september fyrir konur á leið úr vændi og mansali. Markmiðið var að koma á góðu samstarfi við alla þá aðila sem að vændis- og mansalsmálum koma jafnframt að stuðla að því að samstarfsaðilarnir geti komið boðum áfram til markhóps athvarfsins.

Opin fræðsluerindi á Stígamótum

Á árinu var leitast við að bjóða upp á fyrirlestra um áhugaverð efni. Inga Vildis Bjarnadóttir kynnti mikilvæga meistararitgerð sína um gæði starfsins á Stígamótum. Hún hafði mælt þunglyndi, kvíða, streitu og sjálfsvirðingu hóps áður en fólkið fór í sitt fyrsta viðtal og svo hjá öðrum hópi sem hafði farið í a.m.k. fjögur ráðgjafarviðtöl. Niðurstöðurnar voru þær að marktækur munur fannst til bóta á öllum breytum. Þorbjörg Sveinsdóttir kynnti líka meistararitgerð sína um það hvað yrði um þau mál sem Barnahús fæst við og voru niðurstöðurnar mjög áhugaverðar. Á báða þessa fyrirlestra mættu fulltrúar fjölmiðla og gerðu efninu góð skil.

Að auki verður að segja frá fyrirlestri Doritar Otzen um afleiðingar vændis, en sá fyrirlestur var fluttur í tengslum við námskeið sjálfbæðaliða Kristínarhúss. Berit Aas hin heimspekkta baráttukona flutti einnig

erindi um drottunaraðferðirnar fimm í Norræna húsinu þegar hún var sæmd Stígamótaviðurkenningunni í nóvember.

Viðurkenningar

Jafnréttisviðurkenningar Stígamóta voru árið 2011 veittar konum sem ögra



Fulltrúar aðgerðahópsins Stóru systur, Berit Ás, Elín Hirst fyrir hönd Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur, María Lilja Þrastardóttir, Margrét Pétursdóttir og Sóley Tómasdóttir

Rökstuðningurinn fyrir vali á viðurkenningarhöfum Stígamóta þetta árið fer hér á eftir:

Samkvæmt mælieiningum World Economic Forum virðist Ísland vera paradís kynjajafnréttis. Hvergi í heiminum er staða kynjanna jafnari. Það er því undarleg staðreynd að hér á landi hafa konur aðeins um 2/3 hluta af heildar atvinnutekjum karla og hvernig sem reiknað er mun þriðja hver kona verða fyrir einhvers konar ofbeldi af hendi karls eða karla á lífsleiðinni.

Þetta er ekki náttúrlögmál og konur setta sig ekki við núverandi ástand. Hvers vegna gengur þá ekkert að koma á raunverulegu jafnrétti? Kvenlegar dyggðir byggjast á samviskusemi, hlýðni, umhyggjusemi, fallegu útliti, hreinlæti, þrúðmennsku, góðsemi o.s.frv. og að sama skapi fá konur skýr skilaboð úr öllum áttum um að óhlýðni, fyrirferð, hávaði og hvers kyns ögranir og uppreisnir séu hegðun sem sæmi ekki konum. Við höfum mýmörg dæmi um að konum sé refsað grimmilega fyrir að brjóta hinar óskrifuðu reglur.

Það er í sjálfu sér ekkert að því að vera kvenleg, umhyggjusöm, samviskusöm og allt það sem konum er talið til tekna en það er varla mögulegt að uppfylla kröfur um kvenlegar dyggðir og á sama tíma koma á raunverulegri jafnréttisparadís í þessu landi. Það þarf margt, meðal annars hugrekki, uppreisnir og ögranir við ríkjandi ástand til þess að ryðja brautina fyrir konur almennt. Það þarf konur sem voga sér að fylgja eftir réttlætiskennd sinni og hundsa árásirnar og jafnvel svívirðingarnar sem það kostar frá varðhundum óbreytts ástands. Konur sem taka sér frelsi til að ráðast í aðgerðir.

Stígamót hafa undanfarin þrjú ár veitt íslenskum konum bæði jafnréttisviðurkenningar og réttlætisviðurkenningar. Jafnframt hefur erlendum samstarfsaðilum Stígamóta verið veittar

samstöðuviðurkenningar. Í ár munu Stígamót beina sjónum að þeim hugrökku konum sem á ólíka vegu hafa fylgt réttlætiskennd sinni og rutt brautina fyrir raunverulegt kvenfrelsi. Sumar hafa dansað á mörkum hins löglega. Fyrir það hafa þær allar mætt ýmis konar andstöðu.

Á Stígamótum trúum við því að slíkar konur gegni mjög mikilvægu hlutverki. Það er kominn tími til að hampa þeim og lyfta þeim upp í ljósið. Láta alþjóð vita að við stöndum með þeim og séum þakklátar fyrir hugrekki þeirra. Ekki veitir af á Íslandi ef við viljum með réttu teljast paradís kynjafnréttis.

Föstudaginn 25. nóvember á alþjóðlegum baráttudegi gegn ofbeldi, veittu Stígamót árlegar viðurkenningar sínar í Norræna húsinu Á meðal viðurkenningarhafa var Berit Aas professor emerita hin heimsþekkta fræðikona sem sannarlega má kalla eina af guðmæðrum nútíma kvennahreyfingar. Hún og allir aðrir viðurkenningarhafar fluttu við athöfnina stutt erindi um ögranir.

Hér verða upptaldar þær konur sem fengu viðurkenningar Stígamóta í fjórða sinn sem þær voru veittar. Tekið skal fram að Stígamótakonur eru sérlega stoltar af viðurkenningunum og finnst fátt skemmtilegra en að hampa þeim sem vel gera.

Berit Ås

professor emerita



Professor Ås er en verdig representant for kvinner som utfordrer vedtatte verdier og metoder. Tapre og modige kvinner som har vært banebrytere for oss andre! Hun er en av de viktige jordmødrene for nåtidens kvinnebevegelse.

Med sin strålende analyse av de fem hersketeknikkene som brukes bl.a. for å undertrykke kvinner, har hun skapt et dyrbart verktøy til å forandre og forbedre verden. Alle disse teknikkene brukes mot kvinner som har vært utsatt for kjønnsbasert vold, særlig skyld og skam. Hun har derfor gjort jobben vår lettere. Det er på tide å løfte hennes arbeid opp i lyset. Takk og pris til Berit Ås.

Guðrún Ebba Ólafsdóttir

Með því að segja sögu sína hefur Guðrún Ebba gengið fram fyrir skjöldu og orðið fyrirmynd margra. Það þarf ótrúlegt hugrekki til að gera uppreisn gegn valdinu og segja opinberlega frá því ofbeldi sem framið var í skjóli friðhelgis heimilisins og samfélagslegrar valdastöðu. Að svipta leyndarhjúpnum af slíku ofbeldi er enn erfiðara en ella og kallar á enn meiri afneitun og andstöðu en almennt þekktist.

Til að gera breytingar þarf konur sem voga sér að fylgja eftir réttlætiskennd sinni og hunsa árásirnar og jafnvel svívirðingarnar sem það kostar frá varðhundum óbreytts ástands. Þetta hefur Guðrún Ebba gert. Hún hefur þanið út mörk hins leyfilega og skapað nauðsynlegt frelsi fyrir konur og karla til að krefjast réttar síns.

Þakklæti, aðdáun og samstaða er okkur efst í huga þegar hugsað er til Guðrúnar Ebbu.

María Lilja Þrastardóttir

María hefur rödd sem ögrar viðteknum hugmyndum samfélagsins. Með beinskeyttum greinaskrifum og aktívisma hefur hún vakið fólk til umhugsunar og aðgerða, en ekki alltaf hlotið lof fyrir. Hún hefur kjark til að gagnrýna klámvæðingu, drifkraft til að skipuleggja Druslugöngu og áræðni til að mótmæla klisjum sem viðhalda misrétti gegn konum. Viðbrögðin hafa ekki látið á sér standa, enda gerir hún kröfur um breytingar á ríkjandi gildum, viðmiðum og valdahlutföllum í samfélaginu. Slíkar raddir verða að heyrast. María, láttu ekki þagga niður í þér, heldur brýndu raust þína og fylgdu sannfæringu þinni!

Margrét Pétursdóttir

Öflug kvennahreyfing byggir á lifandi og sterkri grasrót. Hún byggist á ótal óeigingjörnum konum sem ráðast í aðgerðir, halda ræður, mótmæla og ögra viðteknum leiðum.

Glæstur fulltrúi grasrótarinnar er Margrét Pétursdóttir. Hún virðist hafa óþrjótandi orku og áhuga fyrir því að skapa réttlátt samfélag. Hún lætur sig aldrei vanta þegar hrista þarf upp í íhaldssömu og stöðnuðu kerfi og gengur venjulega aðeins lengra en aðrir. Hún hugar ekki við að steyta jafnvel hnefann framan í feðraveldið. Hún er hefur sýnt aðdáunarvert hugrekki, hefur dýrmætt skopskyn og frjóa hugun. Ef við værum öll eins og Magga, væri Ísland raunveruleg jafnréttisparadís!

Sóley Tómasdóttir

Með hugrekki sínu og þori hefur Sóley Tómasdóttir ítrekað kallað yfir sig holskeflu skamma, svívirðinga og hótana, jafnvel um líkamlegt ofbeldi. Hún hefur hins vegar ótrauð fylgt sinni sannfæringu og réttlætiskennd. Hún berst fyrir bættum heimi, fyrir okkur öll og börnin okkar.

Sóley hugar ekki við að bjóða byrginn viðteknum gildum og skoðunum sem skipa konum á bás svo þær haldi nú áfram að vera þægar og auðsveipar. Hún kærir sig kollótta um slíkt, en með einurð sinni, hómor og leiftrandi gáfum tekst hún á við fáfræði, fordóma og úrelt viðhorf. Sóley ögrar, leiðir, upplýsir og mótar umhverfi sitt. Án hennar væri veröldin fátæklegri og vonir okkar um að breyta samfélaginu og ná fram kynjajafnrétti að miklum mun daufari.

Stóra systir

Aðgerðir Stóru systur gegn vændisíðnaði á Íslandi eru einhver þau hressilegustu tilþrif sem kvennahreyfingin hefur sýnt lengi! Aðgerðahópurinn sætti sig ekki við að í landinu sem státar af heimsins bestu lögum gegn klámsíðnaði og vændi, sé grasserandi vændismarkaður látinn viðgangast með þegjandi samþykki allra þeirra sem ættu að grípa inn.

Stóra systir blés á kvenlegar dyggðir og rannsakaði þann neðanjarðarheim sem býður upp á kaup og sölu á konum. Hún afhenti lögreglu nöfn, síma og netföng fjölda vændiskaupenda og sýndi þannig framá hversu auðvelt það er að grípa inn ef viljinn er fyrir hendi. Með því að birta hvorki eigin nöfn né kaupenda, er ljóst að stóra systir getur verið hvaða kona sem er og allir karlar sem reynt hafa að kaupa vændi geta átt von á að nafn þeirra sé í höndum lögreglu. Stígamót skora á Stóru systur að halda vöku sinni og skapa með áframhaldandi aðgerðum raunverulega jafnréttisparadís á Íslandi.

Fyrsta heiðursviðurkenning Norrænna kvenna gegn ofbeldi



Frá veitingu viðurkenningarinnar í Noregi í september.

Norrænar konur gegn ofbeldi, regnhlífarsamtök kvennaathvarfanna á Norðurlöndunum veittu talskonu Stígamóta fyrstu heiðursviðurkenningu samtakanna á ársfundi samtakanna í Noregi í september síðastliðnum. Í viðurkenningarskjalinu er þess m.a. getið að Guðrún Jónsdóttir hafi stofnað samtökin fyrir 18 árum til þess að skapa sameiginlegan vettvang fyrir athvörfin til þess að deila reynslu og þekkingu og til þess að skerpa pólitíska stöðu hreyfingarinnar. Hún hafi verið valin fyrsta framkvæmdastýra

norsku kvennaathvarfahreyfingarinnar árið 1994 og sótt kvennaráðstefnu SP í Peking árið 1995 fyrir hönd Noregs. Starf Guðrúnar hafi verið mikilvægt á norrænum vettvangi og á þessum 18 árum hafi hún beitt sér fyrir norrænu samfélagi án ofbeldis.

Fjölmiðlar

Fyrir félagasamtök sem hafa það að meginmarkmiði að skapa friðsælla og betra samfélag er nauðsynlegt að vera í góðu sambandi við fjölmiðla. Stígamót hafa lánsamlega átt gott samstarf við þá og því ber að hrósa. Starfsemi voru gerð skil á öllum helstu fjölmiðlum þetta árið eins og árin á undan, ýmist með viðtölum, umræðum eða greinarskrifum. Að auki sýndu nokkrir erlendir fjölmiðlar jafnréttisbaráttu á Íslandi áhuga og má nefna viðtöl í Guardian og í hollensku fémínistariti. Sérstaklega skal hrósað tíðum skrifum Steinunnar Stefánsdóttur aðstoðarritstjóra Fréttablaðsins um málefni sem standa Stígamótum nærri.

Í tengslum við fjáröflunarátakið Stingum ekki höfðinu í sandinn og opnun Kristínarhúss, lagðist Stígamótafólk í mikil fjölmiðlaskrif og fjölmiðlainnkomu. Í þær fjórar vikur sem fjáröflunarátakið stóð yfir birtust reglulega greinar eftir Stígamótafólki. Nöfnunarnar Guðrúnar Jónsdóttur skrifuðu greinar, Inga Vildis Bjarnadóttir og Anna Bentína Hermansen, Björg G. Gísladóttir og hugrækt Stígamótafólki fór í einlæg viðtöl um sjálfhjálparstarf sitt á Stígamótum. Sigurður Magnússon fór í útvarpsviðtal og þrjár konur sem stundað hafa vandi og í framhaldi af því tekið þátt í sjálfhjálparstarfi Stígamóta fóru í Kastljósviðtöl og í viðtöl við bæði Morgunblaðið og DV.

Splæst var í heilsíðuauglýsingar til þess að kynna fjáröflunarátakið og ýmsir þjóðþekktir einstaklingar lögðu lið við götukynningar.

Þó gættu Stígamót þess að hlífa fjölmiðlum ekki þegar það átti við. Þannig gagnrýndu starfskonur Stígamóta Fréttablaðið ítrekað fyrir að birta augljósar vændisuglýsingar dag eftir dag. Blaðið varði sig með lögum um auglýsingar sem gerði þeim ómögulegt að gera upp á milli auglýsenda. Þau rök þóttu léttvæg á Stígamótum þar sem öllum er ljóst að milliganga um vandi er ólögleg og allar auglýsingar þar um.

Til þess að láta reyna á röksemdafærsluna sendu Stígamót inn meðfylgjandi auglýsingu um hvítt stöff frá Brasilíu. Það vakti þau viðbrögð að auglýsingadeild blaðsins varð að fjölmiðlaefni og bæði lögregla og Fréttablaðsmenn hringdu til Stígamóta og óskuðu eftir góðu veðri. Það voru þó ekki Stígamót sem sýndu hressilegustu tilþrifu í baráttunni við vændismarkaðinn, heldur aðgerðahreyfingin Stóra systir, sem dró fram í dagsljósið grasserandi vandi á Íslandi. Athyglin leiddi til þess að vændisuglýsingarnar hurfu úr blaðinu.

Alþjóðastarf

Alþjóðastarf Stígamóta hefur undið upp á sig undanfarin ár. Verkefnum hefur fjölgað og samstarf aukist. Á Stígamótum þykir það mikils virði að fylgjast vel með því sem best er gert og vera með puttann á púlsinum.

Það var sérlega skemmtilegt í fyrirlestraferðum að hafa meðferðis stutt klipp um kvennafridaginn á Íslandi sem Halla Kristín Einaradóttir gerði fyrir Stígamót. Útlenskar konur hafa margar hverjar fallið í stafi yfir kraftinum í íslensku grasrótinni, enda full ástæða til.



Auglýsing Stígamóta í Fréttablaðinu

Norrænar konur gegn ofbeldi

Þessi vettvangur norrænna kvennaathvarfa hélt sína árlegu ráðstefnu í Noregi á árinu. Talskona Stígamóta á sæti í norræna samstarfshópnum sem stendur að ráðstefnunni og hittist hópurinn tvisvar á árinu. Að þessu sinni fjallaði ráðstefnan um kostnaðinn við ofbeldi og sátu hana um 200 konur. Á ráðstefnunni var talskona Stígamóta heiðruð fyrir starf sitt í þágu samtakanna og norrænnar baráttu gegn ofbeldi. Halldóra Halldórsdóttir sat ráðstefnuna ásamt Guðrúnu.

Stígamót beittu sér fyrir því að gerð yrði heimildamynd um norrænu kvennaathvarfahreyfinguna, sem er eftir því sem við best vitum elsta kvennaathvarfasambandið í heiminum. Myndin verður gerð af okkar eigin Höllu Kristínu Einarsdóttur og verður sýnd á heimsráðstefnu kvennaathvarfa í Washington árið 2012.



Færeyjar, Danmörk, Finnland, Noregur, Svíþjóð og Ísland, með íslensk kynjagleraugu, klárar í slaginn!
Ljósmynd: Halla Kristín Einarsdóttir

Kvennanefndarfundur Sameinuðu þjóðanna í New York

Stígamót hafa langoftast átt því láni að fagna að eiga fulltrúa í íslensku sendinefndinni sem sækir Kvennanefndarfundir Sameinuðu þjóðanna. Kvennanefndin hefur það hlutverk að fylgja eftir Pekingáætluninni sem samþykkt var í Kína árið 1995 um réttindi kvenna. Það er ekki síst mikilsvert að fylgjast með hliðarviðburðum kvennahreyfingarinnar, en þau samtök sem eiga þess nokkurn kost hittast í borginni á sama tíma, þrýsta á stjórnvöld og halda úti eigin dagskrá.

Talskona Stígamóta sótti fundinn í febrúar og var boðið að taka þátt í dagskrá um norrænu leiðina í baráttunni gegn vændi og mansali. Í Svíþjóð, Noregi og á Íslandi ríkir sá skilningur að vændi sé birtingarmynd ofbeldis og kvennakúgunar og því er bannað að kaupa vændi í þessum löndum, nokkuð sem við getum verið stolt af. Erindi Stígamóta hét: *...and they lived happily ever after* og gekk bara ljómandi vel.

Þórunn Þórarinsdóttir sótti jafnréttisráðstefnu Evrópusambandsins í Brussel

Equality Now!

Eins og undanfarin ár var Stígamótum boðið til New York í lok maí til fundar við önnur grásrótarsamtök víðs vegar að úr heiminum sem einbeita sér að baráttunni gegn mansali. Equality Now! hafa jafnframt styrkt Stígamót árlega um 10.000 dollara. Anna Þóra Kristinsdóttir fór til fundarins, nestuð sögum íslenskra kvenna um veru sína í vændi, sem setja á í bók og flutti erindi um starfið á Stígamótum.

Jafnrétti borgar sig

Þróunarsjóður EFTA og Noregs bauð til ráðstefnu í Brussel þann 8. mars um jafnréttismál. Gífurlegir peningar hafa verið settir í málaflokkinn og fór talskona Stígamóta til fundarins til þess að kynna sér málin. Sjóðurinn ætlar að veita 1.788,5 milljónum evra í þróunarverkefni og verða jafnréttismál í forgangi.

Annar fundur var svo haldinn í Bratislava í 28.-30. nóvember þar sem ofbeldi var til umræðu. Á komst samband við Noreg og Spán um mögulegt samstarf, en Spánn hefur undanfarin ár vakið athygli fyrir metnaðarfullt starf til þess að stöðva kynbundið ofbeldi. Má nefna að þar í landi er starfandi sérstakur saksóknari og sérstakur dómstóll í ofbeldismálum og segja spánverjar að sú leið hafi skilað árangri. Eitthvað að hugsa um fyrir Ísland þar sem dómskerfið virkar mjög illa í kynferðisbrotamálum.



Frá Bratislava

Alþjóðasamtök kvennaathvarfa

Dagana 27.-31. mars sótti talskona Stígamóta stjórnarfund hjá Alþjóðasamtökum kvennaathvarfa í Amsterdam, en hún er ein af 17 konum sem skipa stjórn samtakanna. Hjá Alþjóðasamtökunum var lögð áhersla á hugmyndafræðivinnu, vinnuaðferðir og ýmislegt fleira, enda samtökin enn í mótun. Unnið var að mótun annarrar heimsráðstefnu kvennaathvarfahreyfingarinnar sem haldin verður í Washington í febrúar árið 2012.

WAVE samtök Evrópskra kvennaathvarfa



Lepa frá Serbíu og Liz frá London, góðar vinkonur okkar úr baráttunni

Dagana 9. -12. október fór fram árleg ráðstefna Evrópsku kvennaathvarfahreyfingarinnar (WAVE) í Róm á Ítalíu. Þar var jafnframt haldinn fundur hjá ígildi stjórnar samtakanna sem Stígamótafulltrúinn sat fyrir hönd Norðurlandanna.

Stígamótakerlan sýndi ráðstefnugestum myndband frá Kvennaveikfallinu á Íslandi sem vakti mikla lukku og lagt var á ráðin um kvennaveikföll í hinum ýmsu löndum Evrópu. Það er í raun stórmerkilegt að af þeim hafi ekki orðið. Jafnframt flutti hún erindi í málstofu sem hún kallaði *Girlpower! The most important resource to the Shelter movement in Iceland.*

Það er merkilegt hvað sá hluti kvennahreyfingarinnar sem fæst við ofbeldismál samanstendur af litlum en góðum hópi femínista sem margar hverjar hafa staðið vaktina í marga

áratugi. Konur rökræddu og rifust, hlógu og grétu. Það er ómetanlegt að hitta þessar konur og halda svo heim með þá góðu tilfinningu að vera upplýst um það sem efst er á baugi og hafa fylgst með því nýjasta í straumum og stefnum innan fagsins.

Ofbeldisvöktun í European Women's Lobby (EWL)


Í mörg ár hefur verið frjótt samstarf á milli Stígamóta og European Women's Lobby sem eru stærstu regnhlífarsamtök kvennahreyfinga innan Evrópusambandsins. Má nefna að EWL héldu utan um samstarfsverkefni Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna um mansalsmál og áttu mikinn þátt í að ENATW verkefnið komst á (European Network Against Trafficking in Women for Sexual Exploitation). Í báðum þessum verkefnum skipti starf Stígamóta miklu máli. Á vegum EWL er starfandi European Policy Action Centre on Violence Against Women. Í hópnum eru 30 sérfræðingar frá jafn mörgum Evrópulöndum og fyrir hönd Stígamóta hefur Guðrún Jónsdóttir tekið sæti í nefndinni.

Markmið og hlutverk þessa sérfræðingahóps er:

- Að fylgjast með þróuninni innan málaflokksins.
- Að bæta þjónustu, fyrirbyggjandi aðgerðir og varnir fyrir konur sem hafa verið beittar ofbeldi af hálfu karla.
- Að vera tengiliður ólíkra hópa sem vinna gegn ofbeldi.
- Að efla vitundarvakningu og halda til haga upplýsingum um umfang ofbeldis.
- Að hafa vakandi auga með þróun innan málaflokksins jafnt staðbundinni, svæðisbundinni, sem og á landsvísi og á vettvangi Evrópu. Benda bæði á framfarir og mögulegt bakslag og halda til haga tölfraði og öðrum gögnum.
- Að berjast fyrir því á alþjóðavettvangi, Evrópuvettvangi og í eigin landi að umburðarlyndi fyrir ofbeldi verði ekkert.

Á ofbeldisvaktinni fór Guðrún á fund ráðsins og sat jafnframt ráðstefnu EWL um ofbeldi í Brussel dagana 15.-19. júní. Búinn hefur verið til mælikvarði á stöðu mála eins konar ofbeldisbarómeter og þegar staðan á Íslandi er borin saman við stöðuna í öðrum Evrópuríkjum er hún nokkuð góð, en betur má ef duga skal.

Stígmót í Írak



Rakst á þennan í Citadel, líklega að lesa sér til um sterkar arabískar konur sem krefjast virðingar og frelsis!

Talskona Stígamóta hefur á undanförunum árum átt sæti í alþjóðlegum sérfræðingahópi sem tengst hefur starfi Hjálparstofnunar kirkjunnar í Noregi. Starfið hefur gengið út á að aðstoða konur við að koma á laggirnar úrræðum vegna kynferðisofbeldis. Megin áherslan var á Írak, en konur frá Líbanon, Sýrlandi, Palestínu og fleiri löndum tóku þátt í hluta af verkefninu. Dagana 21.-25. maí var lokafundur haldinn í Erbil í Norður Írak.

Sjaldan hefur stígmótakonan tekið þátt í verkefni sem henni hefur þótt erfiðara og vonlausara. Þeim mun gleðilegra er að segja frá því að á fáum árum hefur tekist að koma upp neyðarsímum sem veita konum stuðning og ráð þegar ofbeldi á sér stað. En enn er langt í land. Ef konur rísa upp gegn ofbeldi getur vofað yfir þeim morð og misþyrmingar frá fjölskyldum og aðstandendum og það sama getur átt við þær konur sem reyna að hjálpa. Allt það fólk sem sótti fundinn var merkt af stríðsátökum og hafði upplifað atburði sem fæstir Íslendingar geta ímyndað sér.

Það var vandi að setja sig í stellingar til þess að fræða fólk í þessum heimshluta um ofbeldi. En í raun er mannlegt eðli það sama hvar sem er og því gekk umræðan mun betur en ætla hefði mátt.

Hringborðsumræður um Daphne III í London

Dagana 1.-2. september fór Margrét Steinarsdóttir fyrir hönd Stígamóta til London. Þar tók hún þátt í hringborðsumræðum um Daphne Evrópusambandssjóð til þess að sporna við kynferðisofbeldi. Margrét hefur tekið þátt í tveimur Daphne verkefnum fyrir hönd Stígamóta á undanförunum árum og þekkir vel til. Margrét hefur sannarlega lagt starfi Stígamóta lið á liðnum árum og hefur ósjaldan hoppað inn í ólíkustu hlutverk fyrir okkar hönd.

Kosningabaráttan í Bergen

Í september var talskonu Stígamóta boðið til Bergen til þess að taka þátt í kosningabaráttu femínista fyrir bæjarstjórnarkosningar. Þar í borg hafa konur staðið vaktina utan við klámbúlluna Dreams frá því hún opnaði og mótmælt henni harðlega. Femínistar hafa myndað það sem þau kalla Front gegn klámi, en það er þverpólitísk grasrótargreyfing allra sem láta sig málin varða. Það var aðáunartvert hvernig konur unnu náið saman, þvert á flokka og samtök. Til fundarins komu pólitíkusar úr öllum flokkum og þegar rætt var við fulltrúana utan hljóðnema voru þær allar sammála um að loka bæri klámbúllunni. Klámbúllan er enn á sínum stað, en vonandi er það tímaspursmál hvenær hún hverfur.

Skotar tileinka sér íslenskar aðferðir í kvennabaráttu

Scottish Women's Aid buðu talskonu Stígamóta að halda erindi á árlegri ráðstefnu sinni í Edinborg þann 14. september.

Titill ráðstefnunnar var *Beinum sjónum að framtíðinni; Vinnum að heimi án heimilisofbeldis*. Það var ánægjulegt hversu róttækar og metnaðarfullar konur í Skotlandi voru og tilbúnar að víkka út rammann.

Í framhaldi af því að ráðstefnan var auglýst hafði Jan Macleod frá Women's Support Project í Glasgow samband. Þær vildu að ferðin væri nýtt til þess að hreyfa við konum í sinni borg líka. Fyrirlestur var auglýstur í ráðhúsi Glasgow og þangað mætti fjölbreyttur hópur aktivista, stjórnmálafólks, stúdenta og fleira fólks.

Í leiðinni bauð dr. Marsha Scott tveimur femínistum upp á dásamlegan kvöldverð í eldhúsinu heima hjá sér þar sem heimsmálin voru krufin við kvenlegar aðstæður. Góður endir á góðri ferð.



Skoskar konur komnar með íslensk kynjagleraugu, búnar að sjá ljósið!

Onlineseminar um mansal og nauðganir

Spurning hvort skoskar konur séu sérlega smekklegar, alla vega áhugasamar um það hvernig kvennahreyfingin á Íslandi hefur barist gegn vandi og mansali. Talskonu Stígamóta var boðið að vera aðalfyrirlesari á netrúðstefnu [Scottish Gender-based Violence Research Network](#). Verkefnið var tilraunaverkefni til þess að prófa þessa ódýru og handhægu samskiptaleið á milli landa. Íslenska erindið hét Making the links.

Norræni kvennaháskólinn í Noregi

Berit Aas, professor emerita sem orðin er 83 ára gömul er ótrúlegur eldhugi sem brennur af áhuga fyrir ótal þjóðþrifamálum. Hún stofnaði Kvennaháskólann í Løten á árum áður. Nú hefur hún stofnað Norrænan kvennaháskóla og bauð talskonu Stígamóta að taka sæti í Háskólaráði fyrir Íslands hönd. Haldinn var fundur í Noregi 13.-14. október þar sem stjórn og háskólaráð hittust og lögðu drög að frekara starfi.

Úrræði fyrir konur í vændi skoðuð í Danmörku, Svíþjóð og í Noregi

Eins og annars staðar hefur verið sagt frá, lögðu Stígamót mikla vinnu í að undirbúa stofnun athvarfs fyrir konur í vændi á árinu. Bæði með hjálfun og fjáröflun. Liður í undirbúningnum var að hjálfa starfsfólkið í að takast á við ný verkefni. Nauðsynlegur undirbúningur fyrir Steinunni verkefnisstýru í athvarfinu var að heimsækja kollegana á hinum Norðurlöndunum og setja sig vel inn í það sem best hefur verið gerit. Steinunn heimsótti EXIT í Danmörku, Rosa verkefnið, Natheim og fleiri úrræði í Osló og heimsótti ýmis úrræði í Svíþjóð líka.

Söfnun samræmdra upplýsinga um ofbeldi á heimsvísu

Einn af ávöxtunum af því að alþjóðlega kvennaathvarfahreyfingin hefur nú sameinast er að nú er verið að leitast við að safna tölfraðiupplýsingum um ofbeldi á heimsvísu. Jan Reimer frumkvöðullinn að stofnun samtakanna hefur staðið fyrir upplýsingasöfnuninni. Í hverju þáttökulandi hafa kvennasamtökin safnað tölfraðiupplýsingum einn dag á ári. Kannað er hversu margar konur hafa leitað hjálpar, hversu margar fá ekki hjálp, hversu margar eru barnshafandi o.s.frv. Á Íslandi safnaði Anna Þóra þessum upplýsingum frá Stígamótum, Kvennaathvarfinu, Kvennaráðgjöfinni, Aflinu og Sólstöfum þann 25. nóvember á alþjóðlegum baráttudegi gegn ofbeldi.

Aðild Stígamóta að regnhlíf- og alþjóðasamtökum

- *Norrænar konur gegn ofbeldi* sem eru regnhlífsamtök norrænna kvennasamtaka sem vinna gegn ofbeldi
- *Equality Now!*
- *ENATW –European network against Trafficking in Women*, en Stígamót eiga þrjá fulltrúa í stjórn þeirra samtaka og stýra starfinu í Norður –Evrópu. Vefsíðan okkar er www.aretusa.net
- *WAVE* - women against violence in Europe með vefsíðuna: www.wave-network.org
- *Coalition Against Trafficking in Women* sem sérstaklega beita sér gegn þeirri nútíma þrælasölu á konum sem kynlífsiðnaðurinn stundar <http://www.catwinternational.org/>
- *European's Womens Lobby*, sérfræðingshlutverk í ofbeldismálum innan European Policy Action Centre on Violence Against Women <http://www.epacvaw.org/>
- *Global network of women's shelters*: Alþjóðlegur 17 kvenna vinnuhópur sem undirbýr stofnun alþjóðlegra samtaka kvennaathvarfanna í heiminum
- *Skotturnar* Regnhlífsamtök 23 kvennasamtaka www.kvennafri.is



TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Tölulegar upplýsingar í ársskýrslu Stígamóta eru mikilvægt tæki til þess að lýsa þeim hliðum íslensks samfélags sem birtast í starfsemi Stígamóta. Með söfnun tölulegra upplýsinga í 22 ár búum við yfir mikilli þekkingu um kynbundið ofbeldi, birtingarmyndir þess og afleiðingar, fólkið sem er beitt ofbeldi og ofbeldismennina. Hér fara á eftir þær skilgreiningar á sífjaspellum og nauðgunum sem til viðmiðunar eru við tölfræðilega úrvinnslu í þessari skýrslu.

Sífjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.

Nauðgun skilgreinum við sem kynferðislegt ofbeldi þar sem einhver þrengir sér eða gerir tilraun til að þrengja sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstjórn hennar á bak aftur.

Á árinu 2011 leituðu 593 einstaklingar til Stígamóta, af þeim voru 278 einstaklingar sem leituðu aðstoðar vegna eigin mála í fyrsta skipti. Þá voru 68 aðstandendur sem leituðu til Stígamóta og þar af voru 35 með upplýsingar um mál sem ekki voru þekkt hjá Stígamótum fyrir. Þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir varðandi árið 2011 miðast við fjölda skýrslna sem fyrir liggur um hvern hóp fyrir sig, þ.e. brotþola, ofbeldismenn og aðstandendur.

Í þau 22 ár sem liðin eru frá stofnun Stígamóta hafa 5.946 einstaklingar leitað aðstoðar hjá Stígamótum. Jafnframt er þess að geta að ofbeldismennirnir teljast vera 8.526 en eru væntanlega nokkuð færri þar sem einhverjir þeirra hafa beitt fleiri en einn einstakling ofbeldi.

Það vekur athygli að ofbeldismennirnir eru miklu fleiri en þeir sem beittir eru ofbeldi. Sami einstaklingurinn er stundum beittur kynferðisofbeldi af fleiri en einum ofbeldismanni á lífsleiðinni. Einnig sýna tölurnar að einn og sami ofbeldismaðurinn beitir oft fleiri en einn einstakling kynferðisofbeldi.

Í þeim tölulegu upplýsingum sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 2011 og hins vegar er að finna í nokkrum tilvikum samanburð á fimm síðustu starfsárum. Upplýsingar um starfsemina á fyrri starfsárum má nálgast hjá Stígamótum.

Tafla 1. Fjöldi viðtala og einstaklinga árið 2011

Ný mál - brotþolar komu sjálfir	278
Upplýsingar um ný mál gegnum aðstandendur	35
Heildarfjöldi ofbeldismanna*	487
Fjöldi nýrra aðstandenda	68
Heildarfjöldi einstaklinga sem komu í viðtöl	593
Heildarfjöldi viðtala	1832

Í töflu 1. kemur fram að árið 2011 voru 278 ný mál þar sem brotþolar sjálfir komu með mál sín til Stígamóta. Þetta er um 10 % aukning á nýjum málum frá brotþolum miðað við árið 2010 (en þá voru ný mál frá brotþolum 251). Árið 2011 leituðu fleiri aðstandendur til Stígamóta borið saman við árið 2010, fram kemur um 23% aukning á milli ára.

*Samanlagður fjöldi ofbeldismanna er 487, bæði ný mál og upplýsingar um mál frá aðstandendum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um ofbeldismenn þegar ný mál komu til Stígamóta gegnum aðstandendur, en hér er talinn einn ofbeldismaður fyrir hvert nýtt mál sem upplýsingar fást um hjá aðstandendum (sem er lágmarkstalning). Því er hægt með vissu að segja að ofbeldismennirnir hafi verið 487 en hins vegar byggja tölfræðilegar upplýsingar í ársskýrslu þessari á 452 skýrslum sem fyrir lágu um ofbeldismenn. Þess ber að geta að í einhverju tilfellum gáfu brotþolar ekki upplýsingar um alla ofbeldismenn. Ástæða þess gat verið til dæmis að þeir vissu ekki hve margir þeir voru eða það átti ekki við, eins og til dæmis í vændis- og mansals-málum.

Mikilvægt er að hafa þessar skýringar í huga við lestur niðurstaðna og túlkun þeirra. Það kemur fram í töflum, myndum eða texta út frá hvaða hópi niðurstöður eru reiknaðar og settar fram.

Þegar ný mál, bæði frá brotapolum og aðstandendum, eru lögð saman verður heildarfjöldi nýrra mála 313 sem er 38 málum fleiri en á síðasta ári, sem er 13% aukning milli ára. Ofbeldismenn eru nú 487, sem er um 23 % aukning frá árinu 2010. Heildarfjöldi einstaklinga sem komu í viðtöl til Stígamóta árið 2011 var 593, sem er um 12 % aukning frá árinu 2010 en þá var heildarfjöldi einstaklinga var 526.

Meðferð tölulegra gagna

Líkt og í ársskýrslu síðasta árs eru allar tölfræðilegar upplýsingar í þessari skýrslu unnar út frá spurningalistum sem notendur þjónustunnar fylltu sjálfir út. Þegar túlkun breytist við nýja aðferð er þess getið í texta.

Tafla 2. Skipting einstaklinganna eftir kyni


	Fjöldi	Hlutfall
Karl	32	11,5%
Kona	246	88,5%
Alls	278	100%

Tafla 2 sýnir fjölda og hlutfall þeirra einstaklinga sem komu til Stígamóta árið 2011 skipt eftir kyni. Eins og árin á undan leituðu mun fleiri konur en karlar til Stígamóta árið 2011.

Tafla 3. Þjóðerni brotþola


	Fjöldi	Hlutfall
Íslendingur	271	97,5%
Blandað þjóðerni	2	0,7%
Frá öðrum löndum	5	1,8%
Alls	278	100%

Eins og sést í töflu 3 voru flestir þeir sem komu til Stígamóta árið 2011 íslenskir eða um 97%.



Mynd 1. Fjöldi nýrra mála frá upphafi

Myndin sýnir fjölda þeirra einstaklinga sem árlega hafa leitað til Stígamóta undanfarin 22 ár. Fyrstu árin var um uppsafnaðan vanda að ræða. Árið 1993 kom Neyðarmóttaka vegna nauðgana til sögunnar og tók yfir hluta af nauðgunarmálunum. Á árunum 1995-1997 hættu Stígamót að taka á móti börnum og Barnahúsið varð til í nóvember 1998. Frá árinu 2004 til 2007 var hægur stigandi í fjölda einstaklinga. En milli árunna 2008 og 2009 var fækkun. Árið 2010 fjölgaði aftur nýjum málum, og nýjum málum fjölgaði enn frekar árið 2011 en þá var eins og segir í textanum hér á undan um 13% aukning frá árinu 2010. Ekki hafa verið fleiri ný mál hjá Stígamótum síðan árið 1994.



Mynd 2. Fjöldi nýrra viðtala eftir mánuðum árið 2011

Þessi mynd er nokkuð breytileg frá ári til árs. Aðsóknin er breytileg á milli ára og mánaða og erfitt að segja fyrir um vinnuálag ársins. Þó hefur það verið nokkuð fyrirsjáanlegt að aðsókn er í lágmarki í desember ár hvert. Fleiri mál voru í mars, ágúst og september borið saman við hina mánuði ársins 2011. Þess má geta að um haustið 2011 fór Stígamót á stað með söfnunaráttak fyrir starfsemi sína og í

september sama ár var Kristínarhús opnað. Þessi aukning á málum í ágúst og september gæti meðal annars verið tilkomin vegna aukinnar umræðu um Stígamót í fjölmiðlum á þessum tíma.


Tafla 4. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2011

	Fjöldi	Hlutfall
Sifjaspell	103	17,0%
Grunur um sifjaspell	5	0,8%
Nauðgun	143	23,6%
Grunur um nauðgun	12	2,0%
Nauðgunartilraun	29	4,8%
Klám	23	3,8%
Vændi	12	2,0%
Kynferðisleg áreitni	101	16,6%
Andlegt ofbeldi	89	14,7%
Líkamlegt ofbeldi	63	10,4%
Ofsóknir ofbeldismanns	20	3,3%
Annað	3	0,5%
Ekki viss	4	0,7%
Alls	607	100%

Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til þess að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu fleiri en einstaklingarnir (278).

Þar sem um grun um sifjaspell er að ræða, er ástæðan sú að viðkomandi ber einkenni þess að hafa verið beittur ofbeldi en minnið er brostið. T.d. getur verið um það að ræða að viðkomandi truflist af svipmyndum, martröðum eða mikilli vanlíðan í návist ákveðinna manna eða á ákveðnum stöðum en geti ekki munað hvað gerðist. Þegar um grun um nauðgun er að ræða, er t.d. um að ræða þegar stúlka vaknar á ókunnum stað og hefur enga minningu um hvernig hún endaði þar og vaknar upp við hlið ókunnugs manns.

Athygli vekur hve margir notendur leita til Stígamóta vegna andlegs ofbeldis, sem stundum er hluti af kynferðisofbeldinu og stundum aðskilið, þ.e. að um annan ofbeldismann er að ræða. Þá eru einnig margir sem leita til Stígamóta vegna kynferðislegrar áreitni.




Mynd 3. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta

Um klám og vændi

Konur hafa leitað sér hjálpar vegna klámnotkunar sambýlismanna þeirra sem hefur misboðið þeim á ýmsa vegu. Aðrar hafa orðið fyrir því að teknar hafa verið myndir af þeim í kynlífsathöfnum með eða án þeirra vilja og þeim síðan dreift eða konum hótad að þeim verði dreift. Það voru 21 kona og 2 karlar sem leituðu til Stígamóta árið 2011 vegna kláms og fjölgaði þeim því úr 13 í 23 milli ára.

Árið 2011 leituðu 11 konur og 1 karl til Stígamóta vegna vændis, þetta er svipaður fjöldi og var árið 2010 (en þá leituðu 13 til stígamóta vegna vændis). Það sama hefur sýnt sig hjá Stígamótum og hjá erlendum systursamtökum að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri ofbeldisreynslu sem vændi er. Einnig er vændi falið vandamál og oft koma upplýsingarnar um það ekki í ljós fyrr en eftir margra mánaða viðtöl. Skráningar fara hins vegar fram eftir fyrstu viðtöl og upplýsingar um það vantar því í einhverjum tilvikum.



Mynd 4. Samanburður milli ára á ástæðum þess að leitað var til Stígamóta

Mynd 4 sýnir ástæður fyrir komu einstaklinga til Stígamóta síðustu fimm árin. Mikilvægt er að hafa í huga að frá árinu 2008 voru fleiri flokkar en sýndir eru á þessari mynd og skýrir það að stórum hluta hvers vegna hlutfallið í hverjum sýndum flokki er lægra þá en árið á undan.

Tafla 5 a/b. Aldur fólks þegar aðstoðar var leitað og þegar ofbeldið var framið árið 2011


5a) Aldur er aðstoðar er leitað

	Fjöldi	Hlutfall
11 - 17 ára	17	6,1%
18 - 29 ára	150	54,0%
30 - 39 ára	46	16,5%
40 - 49 ára	37	13,3%
50 - 59 ára	19	6,8%
60 ára og eldri	7	2,5%
Upplýsingar vantar	2	0,7%
Alls	278	100%

5b) Aldur er ofbeldi er framið

	Fjöldi	Hlutfall
0 - 4 ára	19	6,8%
5 - 10 ára	95	34,2%
11 - 17 ára	77	27,7%
18 - 29 ára	63	22,7%
30 - 39 ára	4	1,4%
40 - 49 ára	5	1,8%
50-59 ára	1	0,4%
Ekki viss	6	2,2%
Merkt við fleiri en eitt atriði	4	1,4%
Upplýsingar vantar	4	1,4%
Alls	278	100%

Tafla 5a sýnir aldur fólks þegar það leitaði til Stígamóta og tafla 5b sýnir aldur þess þegar ofbeldið hófst. Flestir sem nýttu sér þjónustu Stígamóta árið 2011 voru á aldrinum 18-39 ára en ofbeldið hófst hins vegar oftast á aldrinum 5-17 ára, og eru þetta samskonar niðurstöður og ársskýrslur fyrri ára hafa sýnt.




Mynd 5. Samanburður á aldri einstaklinga þegar leitað var aðstoðar og aldri þeirra þegar ofbeldið var framið árið 2011


Mynd 5 sýnir annars vegar aldur einstaklinga þegar leitað var til Stígamóta og hins vegar aldur þeirra þegar ofbeldið var framið og miðast upplýsingarnar við árið 2011. Tekið skal fram að 17 einstaklingar voru yngri en 18 ára þegar aðstoðar var leitað. Það er eftirtektarvert að nokkur tími virðist líða frá því að ofbeldið á sér stað þar til fólk leitar sér hjálpar. Samskonar niðurstöður komu fram í tölum Stígamóta árið 2010. Ein af þeim áskorunum sem Stígamót standa frammi fyrir er að vinna að því að stytta tímann sem fólk lætur líða frá því að brotið er gegn því og þar til það leitar sér hjálpar.

Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga


Allar upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga miðast við upplýsingar um brotaþola úr komuskýrslum (278 skýrsla).



Mynd 6. Hjúskaparstaða




Mynd 7a). Menntun



Mynd 7b). Atvinna


Myndir 7a og 7b hér að framan bera með sér að starfs- og menntunarlegur bakgrunnur þeirra sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi er margbreytilegur. Tölur ársins 2011 sýna líkt og tölur fyrir árið 2010 að margir eru við nám en hlutfallslega flestir eru í fullu starfi.



Mynd 8. Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað

Tölurnar í mynd 8 miðast við þann stað sem einstaklingarnir voru á þegar þeir voru beittir ofbeldi. Samanlagður fjöldi í myndinni er meiri en 278 þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt

sveitarfélag. Hlutfallið í myndinni miðast þó við fjölda einstaklinga (278), en upplýsingar um í hvaða sveitafélagi ofbeldið átti sér stað vantaði hjá 9 einstaklingum (3,2%). Eins og sést á þessari mynd á kynferðisofbeldi sér ekki landfræðileg mörk.



Mynd 9. Búseta þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2011

Á mynd 9 má sjá búsetu fólks þegar það leitaði til Stígamóta. Um 72% þeirra einstaklinga sem leituðu til Stígamóta árið 2011 bjuggu á höfuðborgarsvæðinu og er það fyrst og fremst sá hópur sem hefur verulegt gagn af starfi Stígamóta. Úr þessum hópi eru flest þeirra sem nýta sér viðtöl í langan tíma og hafa möguleika á að taka þátt í starfi sjálfshjálparhópanna. Þá eru margir sem leggja á sig löng ferðalög til að koma í viðtöl. Þá er einnig boðið uppá símaviðtöl sem landsbyggðarfólk hefur nýtt sér. Verkefnið „Stígamót á staðinn“ opnaði möguleika fyrir þá sem búa á Sauðárkrók og nágrenni til að nýta sér þjónustu Stígamóta á sínu heimasvæði, og fór starskona Stígamóta til Sauðárkróks og bauð upp á viðtöl þar frá mars og út árið 2011.

Tafla 6. Búseta; samanburður milli ára


	2007	2008	2009	2010	2011	
Reykjavík	48,4%	45,3%	54,3%	56,6%	46,4%	129
Kópavogur	7,9%	13,1%	10,0%	10,4%	7,6%	21
Hafnarfjörður	10,1%	6,4%	6,7%	7,6%	7,9%	22
Seltjarnarnes	0,4%	0,0%	0,5%	0,8%	1,4%	4
Garðabær	3,2%	3,0%	5,2%	3,6%	4,3%	12
Mosfellsbær	2,5%	2,1%	1,0%	4,0%	5,0%	14
Landsbyggð	23,8%	28,0%	21,4%	14,4%	24,4%	68
Erlendis	2,2%	2,1%	1,0%	1,6%	2,2%	6
Uppl.vantar	0,0%	0,0%	0,0%	1,2%	0,7%	2
Fjöldi	277	236	210	251	278	

Í töflu 6 er yfirlit yfir búsetu fólks árin 2007 til 2011. Árið 2011 var hlutfall þeirra sem búa úti á landi og leituðu til Stígmóta aðeins hærri en árið 2010. Mögulega má skýra þessa breytingu með því að verkefnið „Stígamót á staðinn“ byrjaði aftur árið 2011 og var þó aðeins farið á einn stað, það er Sauðárkrók.

Um ofbeldisverkin

Tafla 7. Hve lengi stóðu sífjaspellin?

	2007	2008	2009	2010	2011	
Eitt skipti	9,9%	13,0%	20,9%	16,2%	21	16,8%
Innan við 1 ár	21,6%	20,6%	17,4%	17,2%	26	20,8%
1-5 ár	42,1%	35,9%	33,9%	39,4%	48	38,4%
6 ár eða lengur	14,0%	19,8%	12,2%	12,1%	19	15,2%
Óvíst	12,3%	14,1%	15,7%	15,2%	11	8,8%
Alls fjöldi	171	139	115	99	125	



Mynd 10. Samanburður á milli ára

Tölunum um hve lengi sífjaspellin stóðu yfir ber að taka með varúð. Það reynist fólki oft erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur um tímalengd sem hér eru nefndar eru varlega áætlaðar. Augljóst er að sífjaspell eru ofbeldi sem oft er viðvarandi í mörg ár. Mynd 10 lýsir samanburði á milli ára. Öll árin kemur fram að í meira en helmingi tilfella standa sífjaspellin yfir í eitt ár eða lengur.


Tafla 8. Mismunandi birtingarmyndir nauðgana

	Fjöldi	Hlutfall
Nauðgun	122	72,2%
Hópnauðgun	18	10,7%
Lyfjanauðgun	8	4,7%
Annað	11	6,5%
Ekki viss	10	5,9%
Alls	169	100%

Heildarfjöldi nauðgana í þessari töflu er 169 en ekki 143 eins og fjöldi nauðgana í ástæðum þess að leitað var til Stígamóta. Ástæðan er að í tölunum er tekið tillit til þess að hver einstaklingur getur merkt við fleiri en eina tegund nauðgunar.

Með nauðgun og nauðgun – annað, er átt við nauðganir sem ekki falla undir aðrar skilgreiningar nauðgunar sem settar eru fram í töflunni. Í sex tilfellum hópnauðgana voru tveir ofbeldismenn, í

tveimur tilfellum voru ofbeldismennirnir þrír og í þremur tilfellum voru ofbeldismennirnir 4 eða fleiri. Í 7 tilfellum vantaði upplýsingar fjölda ofbeldismanna.



Mynd 11. Þvingunaraðferðir við beitingu ofbeldis

Á mynd 11 er yfirlit yfir það hvort og þá hvaða þvingunaraðferðum hafi verið beitt í ofbeldinu. Þessi mynd á við allar birtingarmyndir kynferðislegs ofbeldis. Hlutfallið í myndinni miðast við heildarfjölda ofbeldismanna (452), upplýsingar um hvaða þvingunaraðferðum var beitt vantaði hjá 219 ofbeldismönnum (48,5%). Á myndinni sést að í 31,2 % tilfella var hótunum beitt og er það hærra hlutfall en árið á undan. Líkamsmeiðingum var beitt í tæplega 22,6% tilfella sem er einnig hærra hlutfall en árið 2010. Þetta sýnir að hluta til alvarleika brotanna en um leið er rétt að ítreka að kynferðisofbeldi er í sjálfu sér ofbeldi og þvingun og er mjög alvarlegt þó hér séu gefnar upplýsingar um sérstakar þvingunaraðferðir sem stundum er beitt til viðbótar við kynferðisofbeldið sjálft.

Tafla 9. Hvar átti kynferðisofbeldið sér stað?


	Fjöldi	Hlutfall
Á sameiginlegu heimili	68	16,8%
Á heimili ofbeldismannsins	133	32,8%
Á heimil brotþola	57	14,1%
Í heimahúsi	30	7,4%
Á vinnustað	14	3,5%
Á eða við skemmtistað	11	2,7%
Á útihátíð	5	1,2%
Í tómstundum eða íþróttastarfi	6	1,5%
Á opinberri stofnun	15	3,7%
Utandýra	39	9,6%
Annað	25	6,2%
Ekki viss	2	0,5%
Alls	405	100%

Flokkarnir í þessari töflu voru endurskilgreindir í ársskýrslu 2008 og eru því sambærilegir milli ára 2008, 2009 og 2010 en ekki við fyrri ár. Í töflunni kemur fram að oftast á ofbeldið sér stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu eða á sameiginlegu heimili brotþola og ofbeldismanns, samtals í um 63 % tilfella. Þetta eru svipaðar niðurstöður og árin 2009 og 2010. Í dálkinum sem merktur er „annað“ getur verið um að ræða staði eins og bifreiðar eða á öðrum stöðum sem ekki falla undir aðrar skilgreiningar í töflunni. Staðirnir eru fleiri en einstaklingarnir (278) vegna þess að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum.

Tafla 10. Hverjum hefur brotþoli sagt frá?


	Fjöldi	Hlutfall
Engum sagt frá ofbeldinu	15	5,4%
Sagt maka frá ofbeldinu	130	46,8%
Sagt móður frá ofbeldinu	127	45,7%
Sagt föður frá ofbeldinu	66	23,7%
Sagt öðrum í fjölskyldunni frá ofbeldinu	95	34,2%
Sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu	180	64,7%
Sagt fagaðila frá ofbeldinu	121	43,5%
Sagt öðrum frá ofbeldinu	10	3,6%
Óvist hverjum hefur verið sagt frá ofbeldinu	3	1,1%

Tafla 10 sýnir hverjum brotþoli hefur sagt frá ofbeldinu þegar hann kemur til Stígamóta. Þessi tafla er breytt frá árinu 2008 að því leyti að hún sýndi áður yfirlit yfir hverjum brotþoli sagði frá ofbeldinu á meðan á því stóð eða strax eftir að því lauk og því varhugavert að bera hana saman við fyrri ár að undanskildu árinu 2009 og 2010. Hlutfallið í töflunni miðast við heildarfjölda einstaklinga (278), af þeim vantaði upplýsingar frá 2 eða (0,7%). Eins og sést í töflunni hafa flestir sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu, svipaðar niðurstöður komu fram í tölum ára 2009 og 2010.



Mynd 12. Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis

Í mynd 12 er reynt að gefa tölulega til kynna þær afleiðingar kynferðisofbeldis sem oftast eru nefndar í viðtölum. Hlutfallið í myndinni miðast við heildarfjölda einstaklinga (278). Upplýsingar um afleiðingar vantaði frá 4,3% (12) af heildarfjölda einstaklinga. Í súluritinu er getið um „svipmyndir“. Hér getur verið um að ræða myndir eða minningar tengdar kynferðisofbeldinu sem skjóta skyndilega og án fyrirvara upp kollinum og valda miklu hugarangri. Léleg sjálfsmynd, kvíði, skömm, depurð og sektarkennd eru algengustu afleiðingar kynferðisofbeldis. Myndin sýnir svipaða niðurstöðu og sambærilegar myndir í ársskýrslum ársins 2009 og 2010.




Mynd 13. Fíknir brotþola samkvæmt upplýsingum þeirra sjálfra

Árið 2008 var ákveðið að setja inn í spurningalista notenda spurningar um hvort og þá hvaða fíknir fólklímur við. Þetta var gert vegna þess að eitt af því sem fólkl talar um í sambandi við afleiðingar sínar eru fíknir af ýmsu tagi og var það gert til að fá dýpri mynd og skilning á afleiðingum og líðan brotþola. Hlutfallið í mynd 13 miðast við heildarfjölda einstaklinga (278), af þeim vantaði upplýsingar frá 22 eða (7,9%). Í myndinni sést að um helmingur einstaklinga töldu sig ekki glíma við fíkn.

Tafla 11. Sjálfsvígstílaunir

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	191	68,7%
Já	45	16,2%
Upplýsingar vantar	42	15,1%
Alls	278	100%



Mynd 14. Sjálfsvígstílaunir


Eins og tafla 11 og mynd 14 sýna höfðu 45 einstaklingar eða 16,2 % af þeim sem leituðu til Stígamóta árið 2011 gert eina eða fleiri tilraunir til sjálfsvíga. Þetta er svipað hlutfall og árið 2010 eins og sést í töflu 12 hér fyrir neðan. Í rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur frá árinu 2002, á kynferðisofbeldi gagnvart börnum,

kemst hún að því að um 15% hafi gert tilraunir til sjálfsvígs og er það nokkuð sambærilegt við tölur Stígamóta fyrir fyrri ár.

Tafla 12. Samanburður á sjálfsvígstilraunum á milli ára


	2007	2008	2009	2010	2011
Já	18,8%	24,6%	18,6%	15,1%	16,2%
Nei	75,1%	72,0%	70,5%	61,8%	68,7%
Fjöldi*	263	228	187	193	236

*Athuga verður að fjöldi einstaklinga nær eingöngu til þeirra sem svöruðu með já eða nei en ekki þegar svarið var óvíst eða upplýsingar vantaði. Hlutfallið hins vegar miðast við heildarfjölda einstaklinga.



Mynd 15. Hjá hvaða fagaðilum hefur ofbeldið verið rætt þegar komið er til Stígamóta árið 2011?

Mynd 15 hefur tekið breytingum frá fyrri árum. Fram til ársins 2008 höfðu verið settar fram upplýsingar um það hvert brotáðilar höfðu leitað með sín persónulegu mál áður en þeir komu til Stígamóta en í raun gáfu þær upplýsingar ekki rétta mynd af því hvort ofbeldið hafði verið rætt við viðkomandi fagaðila. Árið 2008 voru svo bornar saman upplýsingar um það hvar aðstoðar hafði verið leitað annars vegar og hvar ofbeldið hafði verið rætt hins vegar. Í ljós kom að mun færri höfðu rætt ofbeldið við fagaðila en þeir sem höfðu leitað með persónuleg mál sín til fagaðila. Frá árinu 2009 hafa eingöngu verið settar fram upplýsingar um það hjá hvaða fagaðilum ofbeldið hefur verið rætt. Ástæðan fyrir þessum breytingum er að unnið hefur verið að því á undanförunum árum að einfalda þær komuskýrslur sem brotáðilar fylla út í fyrsta viðtali og eitt af því sem var einfaldað voru þessar upplýsingar. Þessi mynd er því aðeins sambærileg við samskonar mynd frá árinu 2009 en ekki árin á undan. Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi á þessari mynd er hærri en fjöldi einstaklinga (278) þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði. Hlutfallið miðast við heildarfjölda einstaklinga (278). Upplýsingar vantaði frá 10 eða (3,6%) af heildarfjölda einstaklinga. Athyglisvert er að sjá að 39% þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2011 höfðu ekki rætt ofbeldið við neinn fagaðila áður en þeir komu á Stígamót.



Mynd 16. Tengsl við ofbeldismenn

Á mynd 16 kemur fram að 452 ofbeldismenn höfðu beitt 278 einstaklinga sem leituðu til Stígamóta árið 2011 ofbeldi. Eins og áður hefur verið nefnt er vel hugsanlegt að sumir ofbeldismennirnir séu tví- eða jafnvel margtaldir. Önnur skýring á þessum fjölda ofbeldismanna er að á árinu voru 18 hópnauðganir til umfjöllunar hjá Stígamótum og að í sumum tilfellum er um fleiri en einn ofbeldismann að ræða og þá um aðskilin ofbeldisverk. Myndin sýnir tengsl einstaklinga sem orðið hafa fyrir ofbeldi við ofbeldismenn. Tölur og hlutföll í myndinni miðast við fjölda ofbeldismanna (452). Ástæða er til að vekja athygli á því að aðeins 16,8% ofbeldismannanna sem nefndir voru árið 2011 voru ókunnugir þeim sem þeir beittu ofbeldinu og tæplega 23,5% ofbeldismannanna voru vinir eða kunningjar þeirra sem þeir beittu ofbeldinu. Gamla goðsögnin um að konum og börnum stafi mest hættu af kynferðisofbeldi ókunnugra fær því ekki staðist.

Tafla 13a/b) Samanburður milli ára frá árinu 2007

13a) Sifjaspell

Sifjaspell	2007	2008	2009	2010	2011	
Faðir/stjúpfaðir*	9,9%	20,8%	20,5%	23,1%	14,3%	17
Móðir/stjúpmóðir	0,6%	1,3%	1,6%	0,0%	0,0%	0
Giftur inn í fjölskylduna*	7,4%	5,8%	5,7%	2,9%	3,4%	4
Bróðir	14,8%	8,4%	18,9%	14,4%	13,4%	16
Systir	0,6%	0,6%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Frændi/frænka**	19,7%	25,3%	21,3%	25,0%	26,9%	32
Afi	8,0%	7,8%	3,3%	6,7%	11,8%	14
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Maki	0,0%	0,6%	0,8%	0,0%	0,0%	0
Fjölskylduvinur	13,0%	8,4%	10,7%	6,7%	10,1%	12
Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar	11,7%	3,2%	4,9%	2,9%	4,2%	5
Vinur/kunningi	8,6%	10,4%	7,4%	10,6%	5,0%	6
Vinnuveitandi/yfirmaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Samstarfsmaður***	0,6%	0,0%	-	0,0%	0,8%	1
Ókunnugur	1,9%	2,6%	2,5%	1,0%	2,5%	3
Annar/önnur	3,1%	3,9%	2,5%	6,7%	6,7%	8
Fagaðili	-	0,6%	0,0%	0,0%	0,8%	1
Óvíst	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Fjöldi	162	154	122	104	119	

*Flokkurinn „faðir/stjúpfaðir“ er ekki alveg sambærilegur milli ára þar sem ekki var sérstaklega spurt um stjúpfeður árið 2007. Því geta sumir stjúpfeður það ár fallið í flokkinn „faðir/stjúpfaðir“ en aðrir stjúpfeður í flokkinn „giftur inn í fjölskylduna“, allt eftir skilgreiningu og túlkun viðkomandi notanda.

** Í flokknum frændi/frænka eru 2 frænkur og 37 frændur árið 2008, 4 frænkur og 22 frændur árið 2009, 24 frændur og 2 frænkur árið 2010, árið 2011 voru 31 frændi og 1 frænka, en ekki var hægt að sundurliða þær upplýsingar fyrir fyrri ár.

*** Ekki var spurt um samstarfsmenn árið 2009 og ef um slík tengsl er að ræða það ár geta þeir fallið í hópinn vinnuveitandi/yfirmaður eða annar/önnur, allt eftir skilgreiningu og túlkun viðkomandi notanda.

13b) Nauðgun

Nauðgun	2007	2008	2009	2010	2011	
Faðir/stjúpfaðir*	0,0%	0,6%	1,9%	1,4%	2,6%	5
Móðir/stjúpmóðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Giftur inn í fjölskylduna*	0,0%	0,6%	1,9%	0,0%	1,0%	2
Bróðir/stjúpróðir	1,3%	0,0%	2,6%	0,0%	0,5%	1
Systir/stjúpsystir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Frændi/frænka***	0,6%	0,6%	3,2%	0,7%	2,6%	5
Afi	0,0%	0,6%	0,0%	0,0%	1,0%	2
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Maki	14,4%	12,1%	11,5%	16,4%	18,5%	36
Fjölskylduvinur	3,1%	3,8%	1,9%	2,7%	2,1%	4
Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar	0,6%	0,6%	0,6%	0,0%	0,0%	0
Vinur/kunningi	44,4%	49,7%	39,1%	43,8%	34,9%	68
Vinnuveitandi/yfirmaður	0,0%	0,0%	1,3%	0,7%	1,5%	3
Samstarfsmaður**	1,3%	3,8%	-	0,0%	1,5%	3
Ókunnugur	31,3%	23,6%	29,5%	30,1%	26,7%	52
Annar/önnur	1,9%	3,8%	5,8%	3,4%	5,6%	11
Fagaðili		0,0%	0,6%	0,7%	1,5%	3
Óvíst	1,3%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Fjöldi	160	157	156	146	195	

*Flokkurinn „faðir/stjúpfaðir“ er ekki alveg sambærilegur milli ára þar sem ekki var sérstaklega spurt um stjúpfeður árið 2007. Því geta sumir stjúpfeður þau ár fallið í flokkinn „faðir/stjúpfaðir“ en aðrir stjúpfeður í flokkinn „giftur inn í fjölskylduna“, allt eftir skilgreiningu og túlkun viðkomandi notanda.

** Ekki var spurt um samstarfsmenn árið 2009 og ef um slík tengsl er að ræða það ár geta þeir fallið í hópinn vinnuveitandi/yfirmaður eða annar/önnur, allt eftir skilgreiningu og túlkun viðkomandi notanda.

*** Í flokknum frændi/frænka eru 5 frændur og engar frænkur.

Í töflum 13a og 13b eru tengsl ofbeldismanna við einstaklingana borin saman eftir sifjaspellum og árum annars vegar og nauðgunum og árum hins vegar.

Mikilvægt er að taka fram hér að fjöldi ofbeldisbrota í töflum 13a og 13b er ekki sambærilegur við ástæður þess að leitað er til Stígamóta, sem sýndar eru í töflu 4, þar sem þær upplýsingar byggja á komuskýrslum brotaþola (278) en hér eru upplýsingar fengnar úr skýrslum um ofbeldismenn (452). Til dæmis getur verið að brotaþoli merki við „nauðgun“ sem ástæðu þess að leitað var til Stígamóta og telst það sem ein ástæða en viðkomandi brotaþoli hefur svo kannski verið nauðgað af tveimur ofbeldismönnum og teljast þær þá sem tvær nauðganir í töflunum hér yfir tengsl ofbeldismanna. Þá byggist fjöldi ofbeldismanna í töflum 13a og 13b eingöngu á því þegar upplýsingar lágu fyrir um bæði tengsl og tegund ofbeldis, þannig að ef upplýsingar vantaði um annað hvort tegund ofbeldis og/eða tengsl ofbeldismanns við brotaþola, þá teljast þeir ekki með í þessum töflum. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga.

Tafla 14. Hefur brotþoli rætt ofbeldið við ofbeldismanninn?


	Fjöldi	Hlutfall
Nei	341	75,4%
Já	78	17,3%
Óvíst	17	3,8%
Uppl. vantar	16	3,5%
Alls	452	100%

Tafla 14 sýnir að fáir hafa rætt ofbeldið við ofbeldismann eða 17,3%. Þessar niðurstöður eru svipaðar og kom fram í árskýrslu frá árinu 2010, en þar kom fram að 18,1% höfðu rætt ofbeldið við ofbeldismann.

Tafla 15. Svör ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Viðurkenndi ofbeldið	14	19,7%
Hafnaði ofbeldinu	29	40,8%
Kenndi mér um ofbeldið	20	28,2%
Ekki viss	8	11,3%
Alls	71	100%

Tafla 15 sýnir að í um 69% tilfella þar sem brotþoli hafði rætt ofbeldið við ofbeldismanninn og gefið svar við því hvernig ofbeldismaður brást við, kenndi ofbeldismaður brotþolanum um ofbeldið eða hafnaði því alfarið.



Mynd 17. Hvað gerði ofbeldismaðurinn til að tryggja þögn brotþola?

Myndin hér að ofan á við um allar birtingarmyndir ofbeldis. Hlutfallið á við fjölda ofbeldismanna (452) en samanlagt hlutfall verður hærra en 100% þar sem stundum var merkt við fleiri en eitt atriði. Af þeim 452 ofbeldismönnum sem miðað er við í mynd 17 vantaði upplýsingar frá 62 (13,7%).

Tafla 16. Samanburður milli nauðgana og sífjaspella

	Sífjaspell	Nauðgun
Gerði ekkert sérstakt	43,1%	50,0%
Gaf gjafir/mútaði	20,2%	4,4%
Kenndi mér um ofbeldið	13,8%	25,6%
Notaði hótanir	30,3%	31,7%
Beitti líkamlegu ofbeldi	3,7%	17,2%
Annað	6,4%	7,2%
Ekki viss	8,3%	3,9%

Ef skoðað er sérstaklega hvernig þessum þætti er háttað í nauðgunar- og sífjaspellsmálum kemur í ljós að nokkur munur er á aðferðum ofbeldismanna við að tryggja þögn brotaþola. Þar ber sérstaklega að nefna að um 20,2% þeirra sem beita sífjaspellum nota gjafir eða múta brotaþolum en eingöngu 4,4% þeirra sem nauðga. Fjöldi þeirra sem beittu sífjaspellum og merkt var við hvort og þá hvað þeir gerðu til að tryggja þögn brotaþola er 109 og þeirra sem nauðguðu og

merkt var við hvort og þá hvað þeir gerðu til að tryggja þögn brotaþola er 180. Þessar upplýsingar byggja á skýrslum um ofbeldismenn og er ekki hægt að bera þessar tölur saman við ástæður þess að leitað var til Stígamóta.

Tafla 17. Fjöldi ofbeldismanna fyrir hvern brotaþola

	Fjöldi	Hlutfall
1 ofbeldismaður	184	66,2%
2 ofbeldismenn	50	18,0%
3 ofbeldismenn	30	10,8%
4 ofbeldismenn	7	2,5%
5 ofbeldismenn	2	0,7%
6 ofbeldismenn	2	0,7%
7 eða fleiri ofbeldismenn	3	1,1%
Alls	278	100%


Tafla 17 sýnir hve margir ofbeldismenn höfðu beitt brotaþola ofbeldi. Eins og sjá má var í kringum 30% tilfella um fleiri en einn ofbeldismann að ræða. Þessar niðurstöður eru svipaðar þeim niðurstöðum sem fram komu í ársskýrslu ársins 2009 og 2010.

Í töflu 17 kemur fram að í 3 tilfellum eru allt að 7 eða fleiri ofbeldismenn sem hafa beitt sama einstakling ofbeldi. Stundum getur verið um að ræða að tveir eða fleiri beiti ofbeldi á sama tíma eða tímabili en stundum geta það verið aðskilin atvik og/eða tímabil sem um ræðir.

Kærð mál

Tafla 18. Kært til lögreglu?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	358	79,2%
Já	52	11,5%
Óvist	11	2,4%
Merkt við fleiri en eitt atriði	1	0,2%
Uppl. vantar	30	6,6%
Alls	452	100%



Mynd 18. Kært til lögreglu

Af þeim málum sem til Stígamóta bárust árið 2011 vitum við að 11,5% komust til opinberra aðila og er það svipaðar niðurstöður og þær sem fram komu árskýrslu ársins 2009 og 2010. Þessi tala hefur verið breytileg á undanförunum árum. Ástæðurnar fyrir því að mál eru ekki kærð eru margar. Mál eru oft fyrnd þegar þau berast Stígamótum. Algengt er líka að fólk treystir sér ekki í gegnum yfirheyrslur og hefur ekki trú á að það nái fram rétti sínum fyrir dómstólum. Enn önnur skýring og e.t.v. algengari en marga grunar er að þau sem beitt eru kynbundnu ofbeldi eru svo þjökuð af skömm, sektarkennd og lélegri sjálfsmynd að þau treysta sér ekki til þess að kæra og finnst þau jafnvel bera ábyrgð á ofbeldinu sjálf, annað hvort að hluta eða alveg.

Þannig kom fram í könnun sem gerð var af Hildigunni Magnúsdóttur og Katrínu Erlingsdóttur árið 2006 að um 85% þeirra sem leituðu til Stígamóta nefndu skömm sem ástæðu fyrir að kæra ekki og að 75% kvenna sem hafði verið nauðgað litu svo á að nauðgunin hefði verið þeim sjálfum að kenna.

Fordómar og staðalímyndir

Í gegnum árin hafa ýmsar staðalímyndir og goðsagnir um kynferðisofbeldi verið áberandi í umræðunni. Sumar þessara goðsagna eru til þess fallnar að setja ábyrgðina á ofbeldinu á þá sem því eru beittir og draga úr ábyrgð ofbeldismanna. Það er hins vegar augljóst frá sjónarhorni Stígamóta að það er alltaf einn ábyrgur aðili í kynferðisbrotum en það er sá sem ofbeldinu beitir. Þá hafa einnig komið fram ýmsir fordómar á undanförunum árum, meðal annars um þjóðerni ofbeldismanna og kynhneigð þeirra sem beittir eru ofbeldi. Árið 2008 voru sett ný atriði inn í spurningalista notenda Stígamóta í þeim tilgangi að afla upplýsinga um þá þætti sem gætu snert einhverja af þessum fordómum og goðsögnum. Hér á eftir má sjá niðurstöður þessara spurninga fyrir árið 2011.

Tafla 19. Fjöldi ofbeldismanna undir áhrifum áfengis- eða annarra vímuefna þegar ofbeldið var framið

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	167	36,9%
Já	109	24,1%
Stundum	50	11,1%
Óvíst	100	22,1%
Merkt við fleiri en eitt atriði	1	0,2%
Uppl. vantar	25	5,5%
Alls	452	100%

Eins og sjá má í töflu 19 kemur fram að um 36,9% ofbeldismanna voru ekki undir áhrifum áfengis/vímuefna og 11,1% voru það stundum og stundum ekki (í slíkum tilfellum beitti ofbeldismaðurinn brotþola ofbeldi oftast en einu sinni).

Tafla 20. Samanburður á því hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið, flokkað eftir sifjaspellum annars vegar og nauðgunum hins vegar

	Sifjaspell		Nauðgun	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Nei	65	56,5%	42	22,0%
Já	11	9,6%	75	39,3%
Stundum	14	12,2%	25	13,1%
Óvíst	25	21,7%	49	25,7%
Alls	115	100%	191	100%

Eins og tafla 20 sýnir voru 9,6% þeirra sem beittu sifjaspellum undir áhrifum vímuefna og um 12% voru það stundum. Af þeim sem nauðguðu voru 39,3% undir áhrifum og rétt yfir 13,1% voru það stundum.

Tafla 21. Þjóðerni ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Íslenskur	284	62,8%
Frá Evrópu	17	3,8%
Utan Evrópu	22	4,9%
Blandað þjóðerni	3	0,7%
Óvíst, uppl. vantar	126	27,9%
Alls	452	100%

Undanfarin ár hefur borið á þeirri umræðu að íslenskum konum stafi mest hættu af erlendum mönnum sem koma hingað til lands. Eins og sést á töflu 21 eru flestir ofbeldismennirnir íslenskir eða 62,8%. Hér ber að hafa í huga að upplýsingar vantar í um 27,9% tilfella og því varhugavert að leggja of mikla túlkun í þessar tölur. Þessi tafla sýnir svipaðar niðurstöður og fram komu í ársskýrslu ársins 2009 og 2010.

Tafla 22. Hefur brotþoli beitt aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	259	93,2%
Já	3	1,1%
Ekki viss	7	2,5%
Upplýsingar vantar	9	3,2%
Alls	278	100%

Eitt af því sem hefur verið lífseig goðsögn í gegnum tíðina er að þeir sem séu beittir kynferðisofbeldi, beiti síðar á ævinni aðra slíku ofbeldi. Um 93% þeirra sem komu til Stígamóta árin 2009, 2010 og 2011 höfðu ekki beitt aðra kynferðisofbeldi. Hins vegar er mikilvægt að muna að þetta er erfið spurning og án efa eru einhverjar skuggatölur hér. Þessar niðurstöður gefa ákveðnar vísbendingar þó ekki sé hægt að alhæfa út frá þeim.

Tafla 23. Varstu undir áhrifum áfengis og/eða annarra vímuefna þegar ofbeldið framið?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	113	40,6%
Já	65	23,4%
Stundum	42	15,1%
Var barn (á ekki við)	51	18,3%
Ekki viss	1	0,4%
Upplýsingar vantar	6	2,2%
Alls	278	100%

Eins og sést í töflu 23 voru 40,6 % brotþola ekki undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna þegar ofbeldið var framið. Hafa verður í huga að í 18,3% tilfella var um börn að ræða. Stígamót ítreka að þó að einstaklingur sé drukkin þegar honum er nauðgað ber hann ekki ábyrgð á ofbeldinu og það er engin réttlætning á því ofbeldi sem hann er beittur.

Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn

Árið 2011 var heildarfjöldi ofbeldismanna 487. Eins og fram hefur komið eru sumir ofbeldismannanna mögulega taldir oftar en einu sinni. Hér ber að ítreka að þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um alla þá ofbeldismenn sem taldir voru á árinu, byggja töflur 24-27 á þeim 452 skýrslum sem fylltar voru út af brotapolum um ofbeldismennina.

Tafla 24. Kyn ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Karl	424	93,8%
Kona	10	2,2%
Uppl. vantar	18	4,0%
Alls	452	100%

Eins og fyrri ár, eru langflestir ofbeldismennirnir karlar eða um 93,8% og er það í samræmi við flestar tölur um ofbeldismenn kynferðis ofbeldis.

Tafla 25. Aldur ofbeldismanna þegar ofbeldið var framið

	Fjöldi	Hlutfall
Undir 10 ára	10	2,2%
11 - 13 ára	30	6,6%
14 - 17 ára	58	12,8%
18 - 29 ára	144	31,9%
30 - 39 ára	75	16,6%
40 - 49 ára	34	7,5%
50 - 59 ára	27	6,0%
60 - 69 ára	8	1,8%
70 - 79 ára	5	1,1%
Ekki viss	40	8,8%
Merkt við fleiri en eitt atriði	6	1,3%
Upplýsingar vantar	15	3,3%
Alls	452	100%

Tafla 25 sýnir að flestir ofbeldismenn eru á aldrinum 18-39 ára eða um 48%. Árið 2011 voru 98 ofbeldismenn undir 18 ára aldri eða um 21% ofbeldismanna. Þessi tafla sýnir svipaðar niðurstöður og komu fram í árskýrslu ársins 2009 og 2010.

Tafla 26. Hjúskaparstaða ofbeldismannsins þegar hann beitti ofbeldinu

	Fjöldi	Hlutfall
Barn (á ekki við)*	51	11,3%
Einhleyp(ur)	133	29,4%
Í sambandi	45	10,0%
Í sambúð/hjúskap	110	24,3%
Fráskilin(n)/slitið sambúð	6	1,3%
Ekkja/ekkill	4	0,9%
Ekki viss	89	19,7%
Merkt við fleiri en 1 atriði	2	0,4%
Upplýsingar vantar	12	2,7%
Alls	452	100%

Í töflu 26 er miðað við hjúskaparstöðu ofbeldismanns þegar hann beitti ofbeldi í fyrsta skiptið. Um 34 % ofbeldismanna voru eða höfðu verið í sambandi eða sambúð/hjúskap. Þessi tafla sýnir svipaða niðurstöðu og fram kom í árskýrslu ársins 2009 og 2010.

*Fjöldi ofbeldismanna hér er ekki sá sami og fjöldi ofbeldismanna undir 18 ára og skýrist mismunurinn á því að í sumum tilfellum skilgreindi brotþoli hjúskaparstöðu ofbeldismanns á unglingsaldri, stundum "einhleypur" og stundum "í sambandi".

Tafla 27. Hefur ofbeldismaðurinn beitt aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	9	2,0%
Já	102	22,6%
Óvist	322	71,2%
Uppl. vantar	19	4,2%
Alls	452	100%

Eitt af því sem spurt er um í spurningalistum um ofbeldismenn er hvort brotþoli viti til þess að ofbeldismaður hafi beitt aðra kynferðisofbeldi. Eins og gefur að skilja eru margir sem ekki geta svarað þeirri spurningu. Þó er vitað að 22,6% ofbeldismannanna hafa beitt aðra kynferðisofbeldi. Það er í samræmi við aðrar upplýsingar sem liggja fyrir um að kynferðisbrotamenn séu líklegir til að beita fleiri en eina manneskju ofbeldi og oftast en einu sinni.

Aðstandendur

Árið 2008 voru í fyrsta skiptið notaðir sérstakir spurningalistar fyrir aðstandendur sem leituðu aðstoðar hjá Stígamótum. Eins og fram hefur komið, er þetta gert í þeim tilgangi að fá betri mynd af þeim hópi notenda. Það hefur í gegnum árin verið aukning á því að aðstandendur nýti sér þjónustu Stígamóta. Heildarfjöldi aðstandenda árið 2011 voru 68 einstaklingar og byggja allar upplýsingar í þessum kafla á þeim fjölda. Árið 2009 var heildarfjöldi aðstandenda 39, og árið 2010 voru þeir 55, og hefur fjöldi einstaklinga aukist um 23% milli árána 2010 og 2011.

Tafla 28. Er brotþoli sjálfur í viðtölum hjá Stígamótum

	Fjöldi	Hlutfall
nei	35	51,5%
já	31	45,6%
uppl. vantar	2	2,9%
Alls	68	100%

Í 35 tilfelli þar sem aðstandendur leituðu til Stígamóta höfðu brotþolarnir sjálfir ekki leitað aðstoðar. Fram til ársins 2006 fóru slík mál inn í talningu nýrra mála þar sem ekki voru sérstakir spurningalistar fyrir aðstandendur. Árið 2007 komu þessi mál ekki fram sem ný mál þar sem aðstandendur fylltu enga spurningalista út það ár en frá árinu 2008 voru notaðir sérstakir spurningalistar fyrir aðstandendur.

Tafla 29a/b. Aðstandandi hvers kom í viðtal og hvernig eru tengslin?

29a) Aðstandandi:

	Fjöldi	Hlutfall
Brotþola	59	86,8%
Ofbeldismanns	1	1,47%
Beggja	7	10,3%
uppl. vantar	1	1,5%
Alls	68	100%

29b) Tengsl aðstandanda:

	Fjöldi	Hlutfall
Foreldri	26	38,2%
Maki	24	35,3%
Frænka/frændi	5	7,4%
Vinur/vinkona	4	5,9%
Barn (afkomandi)	4	5,9%
Systkini	2	2,9%
Amma/afi	1	1,5%
Merkt við fleiri en eitt atriði	2	2,9%
Alls	68	100%

Í töflum 29 a og b sést að flestir aðstandendur eru tengdir brotþola en nokkrir eru þó tengdir bæði brotþola og ofbeldismanni. Algengast var að foreldrar og makar kæmu í viðtal. Samskonar niðurstöður komu einnig fram í ársskýrslu frá árinu 2009 og 2010.

Tafla 30. Kyn aðstandenda


	Fjöldi	Hlutfall
Karl	32	47,1%
Kona	36	52,9%
Alls	68	100%

Meirihluti aðstandenda, sem leituðu til Stígamóta árin 2009 og 2010 voru konur. Árið 2011 var hlutfallið milli kynjanna heldur jafnara eins og sést í töflu 30.

Tafla 31. Form ofbeldis sem brotapolí var beittur

	Fjöldi	Hlutfall
Sifjaspell	28	36,4%
Nauðgun	29	37,7%
Kynferðisleg áreitni	13	16,9%
Annað	5	6,5%
Ekki viss	2	2,6%
Alls	77	100%

Tafla 31. sýnir það form ofbeldis sem brotapolí lenti í og aðstandandi leitar til stígamóta vegna. Taflan sýnir að flestir leita til Stígamóta vegna sifjaspells eða nauðgunar sem aðstandandi þeirra upplifði. Oft hefur fólk lent í fleiri en einu formi ofbeldis. Þess vegna eru ástæður komu fleiri en einstaklingarnir (68).

**Mynd 19. Til hvaða fagaðila hefur aðstandandi leitað til áður varðandi ofbeldið?**

Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi á þessari mynd er meiri en fjöldi einstaklinga (68) þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði. Hlutfallið miðast við heildarfjölda aðstandanda (68). Upplýsingar vantaði frá 2 eða (2,9%) af heildarfjölda aðstandanda. Athyglisvert er að meirihluti eða 54,4% þeirra aðstandanda sem leituðu til Stígamóta árið 2011 höfðu ekki leitað til fagaðila vegna ofbeldisins áður en þeir komu á Stígamót.

**„Sleggjurnar sem berja
niður alla kúnnana
sem ganga um í bænum“**

Mynd eftir fyrrverandi vændiskonu
sem nýtti sér þjónustu Stigamóta



Hverfisgötu 115, 105 Reykjavík | Símar: 562 6868 og 800 6868
Þjónustusími fyrir konur í kynlífsiðnaði: 800 5353
Bréfsími: 562 6857 | Netfang: stigamot@stigamot.is | Vefsíða: www.stigamot.is